

Ársskýrsla 2011



Stjórn Samtaka iðnaðarins 2011



Helgi Magnússon
formaður



Sigsteinn P. Grétarsson
Marel hf.



**Guðrún
Hafsteinsdóttir**
Kjörís ehf.



Vilborg Einarsdóttir, varaformaður
Mentor



**Tómas Már
Sigurðsson**
Alcoa Fjarðaál



**Kolbeinn
Kolbeinsson**
Ístak hf.



Bolli Árnason
GT Tækni

Stjórn Samtaka iðnaðarins er skipuð sex körlum og tveimur konum úr röðum félagsmanna. Þau bera ábyrgð á stefnumörkun og áherslum í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til 13 formlegra stjórnarfunda. Reglur um stjórnarsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en það er án nokkurs vafa einn helsti styrkur SI að enginn getur setið lengur en sex ár í stjórn. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti en formaður árlega.



Andri Þór Guðmundsson, ritari
Ölgerð Egils Skallagrímssonar ehf.

Byggjum upp – það er allra hagur

Samtök iðnaðarins hafa aldrei verið sterkari en nú. Ekki veitir af því að verkefni framundan eru ærin. Efnahagsumhverfið er áfram veikt og aukinn kraft vantar í margar greinar atvinnulífsins.

Við hjá Samtökum iðnaðarins gleðjumst þó yfir ýmsu sem tekist hefur að þoka í rétta átt. Á liðnu ári gengu fjölmargir nýir félagar til liðs við samtökin en það styrkir þau og eflir. Átaksverkefnið Ár nýsköpunar tókst einkar vel og færir okkur heim sanninn um að mikill kraftur býr í iðnaðinum og atvinnulífinu öllu. Nýsköpun er öflug og skilar árangri víða.

Rekstrarumhverfinu, sem atvinnulífinu er búið hér á landi um þessar mundir, gerir þó mörgum erfitt um vik. Of mörg tækifæri til vaxtar og sóknar fara forgörðum.

Við þurfum að snúa við blaðinu, efla verðmætasköpun, auka útflutningstekjur, vinna bug á atvinnuleysi og nýta náttúruauðlindir okkar með skynsamlegum hætti.

Förum ekki á mis við þá miklu möguleika sem við okkur blasa. Látum tækifærin ekki fara forgörðum. Hefjum sókn, ryðjum hindrunum úr vegi og byggjum upp farsælt atvinnulíf. Það er allra hagur.



Efnahagsframvindan 2011

Aukin einkaneysla en ósjálfbær hagvöxtur

Landsframleiðsla jókst um 3,7% að raungildi fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins 2011 frá sama tíma ársins á undan. Sé eingöngu litið til þriðja ársfjórðungs mældist hagvöxtur 4,8% en það er mesti vöxtur landsframleiðslu á einum ársfjórðungi frá ársbyrjun 2008. Þyngst vegur mikil aukning einkaneyslu sem hefur aukist um 5,1% á einu ári en einkaneyslan er veigamesti þáttur landsframleiðslunnar. Fjárfesting jókst aðeins um 1,4%, samneysla um 0,5%, útflutningur um 5,4% og innflutningur um 2%. Þetta eru ánægjuleg umskipti í efnahagslífinu eftir djúpa kreppu undanfarin ár. Þó er ljóst að fjárfesting er enn allt of lítil og líklegt að mikill vöxtur einkaneyslu sé ekki sjálfbær. Athyglisvert er að endurskoðaðar tölur fyrir fyrri hluta ársins benda til að vöxtur hafi orðið talsvert meiri en fyrri tölur gáfu tilefni til.

Óvissa ríkir um einkaneyslu

Helsti drifkraftur hagvaxtarins er einkaneysla sem er um helmingur landsframleiðslunnar. Sú neysluaukning, sem nú kemur fram, er sannarlega ánægjuleg tíðindi en ástæða er til að hugleiða hvort hún er einungis tímabundin og geti jafnvel gengið til baka. Á árinu hafa margvíslegar greiðslur runnið til almennings en þær verða að teljast tímabundnar. Útgreiðsla séreignarsparnaðar nemur líklega um 15 milljörðum króna eftir skatt, sérstök vaxtaniðurgreiðsla nemur sex milljörðum króna og eingreiðsla kjarasamninga nemur milljörðum króna auk mikilla fjármuna til að endurgreiða lán og vexti. Lauslegt mat gefur til kynna að þær greiðslur geti numið hærri fjárhæðum en raunveruleg aukning einkaneyslu. Undirliggjandi einkaneysla er jafnvel talin vera að dragast saman ef litið er framhjá þessum þáttum. Á þessu ári byggist einkaneyslan því bæði á opinberum stuðningi og því að almenningur gengur á sparnað sinn. Þessara þátta mun gæta að nokkru leyti á næsta ári en í talsvert minna mæli en á þessu ári. Því er eðlilegt að spyrja hvaða þættir eigi að drífa einkaneyslu og þar með hagvöxt á næsta ári. Ekki er hægt að ganga endalaust á sparnað og óvíst er hversu fús almenningur verður til að skuldsetja sig til að fjármagna einkaneyslu sína. Það eina, sem getur knúið sjálfbæra einkaneyslu, er raunveruleg kaupmáttaraukning sem byggist á aukinni verðmætasköpun í hagkerfinu. Því miður eru fá teikn á lofti um slíkt enda er fjárfesting enn lítil í sögulegu samhengi.

Fjárfesting enn lítil

Undanfarna áratugi hefur vægi fjárfestingar, sem hlutfalls af landsframleiðslu, verið um og yfir 20%. Árin 2004-2008



nam hlutfallið 35%. Leiða má að því líkur að sé fjárfesting undir 20% af landsframleiðslu geti framleiðslugeta hagkerfisins beinlínis dregist saman þar sem fjárfesting sé í raun meiri en sem nemur afskriftum. Þrátt fyrir hagvöxt á árinu er fjárfesting nú aðeins um 14% af landsframleiðslu. Horfur eru á nokkrum vexti fjárfestingar á næsta ári eða á bilinu 15-23%. Sá vöxtur mun ekki duga til að hækka fjárfestingarstigið nægilega mikið enda var það orðið afar lágt í krónum talið og því þarf mjög miklar prósentuhækkanir til að ná því stigi. Ennfremur er sterkt samband milli atvinnustigs og fjárfestingar og langtímasamband þar á milli gefur til kynna að hækkan fjárfestingar sem hlutfalls af landsframleiðslu um eitt prósentustig minnki atvinnuleysi um hálf prósentustig. Af því verður dregin sú ályktun að ein forsenda þess að hægt verði að draga úr atvinnuleysi með markvissum hætti sé að fjárfesting aukist verulega.

Heildarútflutningstekjur 951 milljarður 2011

Heildarverðmæti útfluttrar vöru og þjónustu árið 2011 nam 951,4 milljörðum króna. Þar af var vöruútflutningur 618,8 milljarðar en þjónustuútflutningur 332,6 milljarðar. Í heild varð afgangur af vöruskiptum við útlönd 97 milljarðar en afgangur af þjónustuviðskiptum 36 milljarðar. Ekki eru horfur á að útflutningur aukist mikið árið 2012 auk þess sem afurðaverð kann að lækka. Geta þjóðarbúsins til að auka útflutning er að talsverðu leyti föst vegna takmarkana í stóriðju og sjávarútvegi. Ekki er því mikill vöxtur fyrirsjáanlegur í útflutningi nema fjárfesting aukist verulega en það tekur nokkurn tíma.

Nýtt gæðakerfi SI

Gæðakerfi Samtaka iðnaðarins, sem félagsmönnum hefur staðið til boða að laga að eigin rekstri, hefur með tímanum þróast í vefræna útfærslu og var tekið í notkun í sumar.



Viðtökur hafa verið góðar og allnokkur fyrirtæki hafa keypt áskrift að kerfinu og komið sér upp eigin gæðahandbók og verkhöppum. Mestu munar hversu auðveldlega fyrirtækin nýta sér tækni- og efnislega aðstoð hjá verkefnastjóra SI með þessu nýja fyrirkomulagi. Gæðakerfið inniheldur auk þess gæðahandbók og verkhöppur fyrirtækis en þar er að finna greinar, leiðbeiningar og hljóðglærur varðandi tölvunotkun og aðferðafræði gæðastjórnunar.

UT messan 2011

Um 2000 manns sóttu UT messuna sem haldin var í fyrsta sinn dagana 18. og 19. mars. Fyrri daginn var haldin glæsileg ráðstefna á Hilton Reykjavík Nordica þar sem fjallað var um framlag upplýsingatæknifyrirtækja til fyrirtækja og samfélagsins alls. Þá afhenti forseti Íslands UT verðlaunin en þau komu í hlut Reiknistofu bankanna. Síðari daginn var opið hús í Háskólanum í Reykjavík þar sem öll helstu upplýsingatæknifyrirtæki landsins kynntu starfsemi sína sem og mörg smærri fyrirtæki í greininni. Tilgangur messunnar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækni fyrir samfélagið og laða fleira fólk til náms í tæknigreinum.

Að UT messunni stendur Ský í samstarfi við SI, HR, HÍ, Microsoft á Íslandi, Skýrr og fleiri upplýsingatæknifyrirtæki.

Enn fjölgar í hópi vottaðra fyrirtækja innan SI

Eyjablíkk ehf., Litamálun og Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar hafa skipað sér í hóp þeirra fyrirtækja sem fengið hafa staðfestingu á að þau fullnægi kröfum D-vottunar í áfangaskiptri gæðavottun SI. Sú vottun er fyrsti hluti gæðavottunarkerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum.

GT Tækni ehf. hlaut fyrst allra fyrirtækja A-vottun gæðastjórnunar SI sem staðfestir að fyrirtækið sé með skilgreinda og skjalfesta vinnu og verkferla sem byggjast á viðurkenndum aðferðum við rekstur og stjórnun.

Í gæðavottuninni felst staðfesting á að rekstur fyrirtækis sé markviss og skilvirkur. Fyrirtækið fer árlega í gegnum stefnumótun og markmiðasetningu sem leiðir til þess að allir starfsmenn róa í sömu átt að betri árangri. Þannig eykst framleiðni og fyrirtækin skila



meiri hagnaði. Þá felst mikið öryggi í því fyrir viðskiptavini að vita að fyrirtæki sé vel stjórnað.



Skúlaverðlaunin 2011

Hönnunarteymið Stáss design, skipað þeim Árnýju Þórarinsdóttur og Helgu Guðrúnu Vilmundardóttur, hlaut Skúlaverðlaunin 2011 fyrir „Torfbæinn“ sem er hitaplattar. Samtök iðnaðarins styrkja verðlaunin og Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, afhenti þau við opnun sýningarinnar. Á myndinni er einnig Sunneva Hafsteinsdóttir framkvæmda-

stjóri Handverks og Hönnunar. Þetta er í sjötta sinn sem sýningin var haldin.

Skúlaverðlaunin eru veitt fyrir besta nýja hlutinn sem þátttakandi skapar. Tæplega 50 tillögur bárust að þessu sinni frá 30 aðilum. Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon, fógeta, sem var frumkvöðull smáíðnaðar í Reykjavík.

Stjórnarkjör SI

Að venju fór stjórnarkjör fram í tengslum við Iðnþing. Kjörið fer fram með póstkosningu og úrslit eru kunngerð á Iðnþingi. Kosningarátttaka var rúm 74% og vægi atkvæða félagsmanna er í samræmi við greidd félagsgjöld.

Helgi Magnússon, Eignarhaldsfélagi Hörpu ehf., var endurkjörinn formaður en hann hefur verið formaður SI frá 2006. Þar áður sat hann í stjórn Samtakanna árin 1995 til 2001.

Samkvæmt lögum Samtaka iðnaðarins er gert ráð fyrir að stjórnarmenn og formenn sitji ekki lengur í stjórn en sex ár samfleytt. Vegna þessarar reglu gengu Aðalheiður Héðinsdóttir og Loftur Árnason úr stjórn.

Að þessu sinni var kosið um fjögur stjórnarsæti til tveggja ára. Þau, sem náðu kjöri, voru Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni ehf., Guðrún Hafsteinsdóttir, Kjörís ehf. Kolbeinn Kolbeinsson og Tómas Már Sigurðsson, Alcoa Fjarðaáli. Fyrir í stjórn voru, Bolli Árnason, GT tækni, Sigsteinn P. Grétarsson, Marel og Vilborg Einarsdóttir, Mentor. Stjórn Samtaka iðnaðarins skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínum og er Vilborg Einarsdóttir varaformaður en Andri Þór Guðmundsson ritari.

Þeir tveir, sem næstir voru því að ná kjöri til stjórnar, taka sæti í ráðgjafaráði. Þeir voru Halldór Einarsson, Henson og Hilmar V. Pétursson, CCP hf.



Helgi Magnússon
endurkjörinn



Aðalheiður
Héðinsdóttir
gengur úr stjórn



Loftur Árnason
gengur úr stjórn



Andri Þór
Guðmundsson nýr
í stjórn



Guðrún
Hafsteinsdóttir ný
í stjórn



Kolbeinn Kolbeinsson
nýr í stjórn



Tómas Már Sigurðsson
nýr í stjórn

Fjöreggið 2011



Fjölmennti sótti Matvæladag MNÍ sem haldinn var í október. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar var heilsutengd matvæli og markfæði. Fjölmargir félagsmenn SI héldu erindi um íslenska vöruþróun, framleiðslu, rannsóknir og markaðssetningu á vörum sem taldar eru hafa góð áhrif á heilsu manna.

Í upphafi ráðstefnunnar afhenti Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI og formaður dómnefndar, Pétri Smára Sigurgeirssyni og Iðunni Geirsdóttur frá Myllunni Fjöregg MNÍ.

Fjöreggið er verðlaunagripur, hannaður af Sören S. Larsen og Sigrúnu Ó. Einarsdóttur, Gleri í Bergvík og er veittur hvern matvæladag fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla eða næringar. Samtök iðnaðarins hafa gefið gripinn frá upphafi.

Félagsgjöld

Í ljósi efnahagsástandsins og afnáms iðnaðarmálagjalds ákvað stjórn SI í janúar að auka afslátt af félagsgjöldum. Iðnaðarmálagjald var áður nýtt til frádráttar af félagsgjöldum til Samtakanna.

Almennur afsláttur hækkaði úr 20% í 40% auk þess sem afsláttur til skilvísra félaga hækkaði úr 7,5% í 10%.

Að jafnaði nemur lækkun á greiðslum til SI 40%. Afnáam iðnaðarmálagjalds þýðir að Samtökin innheimta félagsgjöldin milliliðalaust og talan á greiðsluseðlinum hækkar því að jafnaði um 56% þrátt fyrir 40% raunlækkun á heildargreiðslum til SI.

Lágmarksgjaldið, kr. 25.000, verður óbreytt.



Mikið að gera hjá Samtökum sprotafyrirtækja

Aðalfundur Samtaka sprotafyrirtækja var haldinn í desember og þar með lauk sjöunda starfsári samtakanna sem voru stofnuð 2. júní 2004. Markmiðið með stofnun SSP var að vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka ríkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækniðnaðar hér á landi.

Formaður samtakanna, Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika ehf., var endurkjörin formaður en nýir fulltrúar í stjórn voru kjörin Rakel Sólvaldóttir hjá Skema ehf. og Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson hjá Clara ehf.

Íris Kristín Andrésdóttir, Gogogic ehf. og Gunnlaugur Hjartarson, Iceconsult, voru endurkjörin í stjórn en Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorku ehf. og Perla Björk Egilsdóttir, Saga Medica ehf, voru endurkjörin í varastjórn.

Árið 2011 var kynnt sem Ár nýsköpunar hjá SI. Áherslur í starfsemi SSP fólust að miklu leyti í samhæfingu og sameiginlegum verkefnum tækni- og hugverkagreina og að fylgja eftir markáætlun um klasa undir kjörorðinu „Betri þjónusta fyrir minna fé“ sem hófst með umræðufundi um nýsköpun í fjárlaga-gerð í lok árs 2010. Á vordögum var farið í sameiginlega stefnumótunarvinnu tækni- og hugverkagreina en niðurstaða þeirrar vinnu var síðan lögð inn í atvinnumálanefnd ríkistjórnarinnar annars vegar og hinsvegar tekin til grundvallarumræðu á Tækni- og hugverkafingri í október.

Helstu verkefni SSP á síðasta starfsári, auk fyrrgreindra verkefna, fólust í að fjalla um skilgreiningar og skipulag SI í því sambandi, umbætur á tölfraði tækni- og hugverkagreina, framhald Hátækni- og sprotaavttvangs árin 2012-2014, veiting Vaxtarsprota og stofnun Samtaka heilbrigðisidnaðarins. Að auki kom SSP að fagræði hugverkagreina innan Íslandsstofu og átti samstarf við Vinnuálastofnun um að endurmennta atvinnuleitendur til starfa

í nýsköpunarfyrirtækjum. SSP átti fulltrúa í atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar og hefur unnið ötulst starf við að efla Tækniþróunarsjóð og átti þátt í að lög um endurgreiðsluhluta rannsókn- og þróunarkostnaðar voru sett.



Atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar

SI/SSP hafa átt fulltrúa í atvinnumálanefnd ríkistjórnarinnar. Nefndin hefur haldið á annan tug funda á árinu og lagði fram tillögur í tíu liðum í haust. Sigurður Snævarr, efnahagsráðgjafi ríkistjórnarinnar, formaður nefndarinnar, kynnti tillögurnar á Tækni- og hugverkafingri í október en fjórar af þeim tillögum má rekja til stefnumótunarverkefna tækni- og hugverkagreina.

Endurgreiðsla rannsókna- og þróunarkostnaðar

Eitt helsta baráttumál SSP – lög um endurgreiðsluhluta rannsókna- og þróunarkostnaðar kom í fyrsta sinn til framkvæmdar á sl. ári. Alls voru endurgreiddar um 450 milljónir króna til fyrirtækja. Þetta er eitt markverðasta framlag til starfsskilyrða hátækni- og sprotafyrirtækja sem fram hefur komið í seinni tíð og ástæða til að draga sérstaklega fram í dagsljósið sem fagnaðarefni, þó að langan tíma hafi tekið að koma þessu fyrirkomulagi.

Framundan er að vinna að því að koma á skattaívilnun vegna hlutabréfakaupa sem felld var út úr lögunum á árinu 2010 vegna athugasemda frá ESA.

Fagræði hugverkagreina innan Íslandsstofu

Vilborg Einarsdóttir hjá Mentor er fulltrúi SI/SSP í stjórn Íslandsstofu ásamt Sigsteini Grétarssyni í Marel. Unnið hefur verið að stefnumótun og stjórn SSP lagði áherslu á að innan Íslandsstofu yrði myndað sérstakt fagræði tækni- og hugverkagreina sem einnar af lykilútlutningsgreinum þjóðarinnar. Sú tillaga fékk framgang innan Íslandsstofu og fagræðið hefur átt nokkra fundi á árinu. Formenn tækniþróunar SI skipa fagræðið ásamt fulltrúum stærri tæknifyrirtækja. Eitt þeirra verkefna sem fylgja þarf fast eftir á næsta ári, er verkefnið „Inspired by Icelandic Innovation.“

Samtök heilbrigðisiðnaðarins stofnuð

Samtökin voru stofnuð í janúar og miðað er við félagar séu fyrirtæki sem tengjast nýsköpun og þróun á heilbrigðissviði. Fyrirtæki í þessari grein hafa eflst á undanförunum árum og meðal stofnfélaga, sem eru vel á annan tug, eru öflug tækni-fyrirtæki á borð við Össur og Actavis auk hraðvaxandi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á borð við EMR, Nox Medical, Oxymap, Medical Algorithms, MentisCura, ValaMed, ARCTIC Sequentia, Kine, Stiki og SagaMedica.

Eitt þeirra verkefna, sem nýju samtökunum er ætlað að sinna, er að efla samstarf innan heilbrigðisfélagsins og auka tengsl við stjórnvöld, heilbrigðisstofnanir og önnur fyrirtæki á heilbrigðissviði með bættu þjónustu, hagræðingu, verðmæta-sköpun og útflutning að leiðarljósi.



Á stofnfundinum var kosin 5 manna stjórn og tveir til vara. Formaður var kosinn Perla Björk Egilsdóttir, frá SagaMedica. Meðstjórnendur voru kosnir Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical og Jón Valgeirsson, Actavis til tveggja ára og Árni Þór Árnason, Oxymap og Garðar Þorvarðsson, Medical Algorithms til eins árs. Varamenn í stjórn voru kosnir Börkur Arnviðarson, ARCTIC Sequentia og Þorvaldur Ingvarsson, Össuri.

Fróðlegt verður að fylgjast með starfsemi þessa öfluga og hraðvaxandi hóps innan Samtaka iðnaðarins í framtíðinni.

Gjaldeyrishöftin: Ný skýrsla og afnámsáætlun



Komin er út ný skýrsla Viðskiptaráðs um gjaldeyrishöftin þar sem fjallað er um þann kostnað sem af þeim hlýst og efnahagsleg áhrif. Tilgangurinn með útgáfu skýrslunnar er að hvetja til umræðu um gjaldeyrishöftin með því að varpa ljósi á margvíslega skaðsemi þeirra fyrir íslenskt hagkerfi verði þau of lengi við lýði.

Samhliða gerð skýrslunnar hafði Viðskiptaráð frumkvæði að því að kalla saman hóp sérfræðinga til að móta nýja áætlun um afnám hafta. Sú áætlun felur í sér metnaðarfulla en færa leið til að afnema gjaldeyrishöftin á um það bil einu ári án þess að verulegur þrýstingur verði á gjaldeyrismarkað og kostnaði verði haldið í lágmarki. Skýrslan og áætlun hópsins voru kynnt á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs og Samtaka iðnaðarins í desember.

Í hópnum sátu Erlendur Magnússon, framkvæmdastjóri Total Capital Partners, Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild HÍ, Lúðvík Elíasson, hagfræðingur, Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Páll Harðarson, forstjóri NASDAQ OMX Iceland, Tanya Zharov, framkvæmdastjóri Iögræðisviðs Auðar Capital og Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur.

Árangursríkt stefnumót fyrirtækja og stofnana á heilbrigðissviði

Nýstofnuð Samtök heilbrigðisiðnaðarins - SHI og Samtök iðnaðarins efndu til stefnumóts fyrirtækja og stofnana á heilbrigðissviði í húsakynnum Háskólans í Reykjavík í sumar.

Stefnumótið var haldið í framhaldi af fundi sem Samtök iðnaðarins og Hátækni- og sprotavettvangur efndu til í nóvember 2010 í tilefni af Ári nýsköpunar þar sem fjárlög voru rýnd með augum nýsköpunar.

Tilgangurinn var að skapa og skilgreina samstarfsverkefni ólíkra aðila um betri lausnir fyrir minna fé í íslensku heilbrigðiskerfi. Verkefni felast í að skapa fyrirtækjum í greininni tækifæri til að skapa verðmæti og flytja út framleiðslu sína.

Tekið var mið af þörfum helstu lækningarsviða sem krefjast lausna sem fyrirtæki geta tekið þátt í að þróa í samstarfi við heilbrigðisstofnanir. Fulltrúar slíkra stofnana og læknasviða kynntu þarfar sínar í þessu efni og hugmyndir að samstarfi. Fjöldmörg fyrirtæki efndu til örkyrningar á þróunarverkefnum og lausnum sem þau hafa unnið að. Að því búnu var efnt til vinnustofa þar sem áhugasamir samstarfsaðilar gátu borið saman bækur sínar og lagt grunn að samstarfi.

Samtök atvinnurekenda í byggingar- iðnaði sameinast undir merkjum SI



Meistarafélag húsasmiða



SART, samtök rafverktaka

Undir lok árs 2011 gengu SART, samtök rafverktaka, Meistarafélag húsasmiða, Múr-
arameistarafélag Reykjavíkur og Félag dúk-
lagninga- og veggfóðrarmeistara til liðs
við Samtök iðnaðarins.

Ástæður sameiningarinnar eru fyrst og
fremst faglegar. Aðstæður á byggingamark-
aði í kjölfar efnahagshruns gera þörfina
fyrir öflug heildasamtök enn brýnni en
áður. Með breytingunni er lagður grunnur
að enn sterkari samtökum sem gæta hags-
muna íslensks byggingariðnaðar.

Samtökin fagna þessum góða liðsauka og
vænta mikils af auknum styrk og sam-
takamætti félaga í byggingariðnaði.



Múrarmeistarafélag Reykjavíkur og Félag dúk-
lagninga- og veggfóðrarmeistara

Betri þjónusta fyrir minna fé

Markáætlun um klasaverkefni á sviði
mennta-, heilbrigðis-, orku- og um-
hverfismála er eitt af þeim verkefnum
sem hefur vegið þungt í starfsemi
tækni- og hugverkagreina á síðasta
ári. Skilgreind hefur verið þriggja ára
markáætlun í tengslum við Tækniþró-
unarsjóð með það að markmiði að
skapa betri og hagkvæmari lausnir til
að bregðast við þörfum á þessum
sviðum og skapa um leið tækifæri til
að þróa lausnir sem eiga erindi á
alþjóðlegan markað.

Fyrir liggur fjármögnun verkefnisins

fyrsta árið og vilyrði ríkisstjórnar í
tengslum við kjarasamninga um
framhaldsfjármögnun árin 2012 og
2013. Fyrir Alþingi liggur að tryggja
fjármuni til þessa verkefnis en það er
hluti af samkomulagi sem gert var við
aðila vinnumarkaðar og ríkisstjórnar í
tengslum við síðustu kjarasamninga.
Þrátt fyrir eftirfylgni Samtaka iðnað-
arins og Hátækni- og sprotavettvangs
hefur ríkisstjórnin ekki staðið við lof-
orð sitt að tryggja frekari fjárframlög
en áfram verður leitað leiða til að
greiða götu verkefnisins.

Meistaradeild Samtaka iðnaðarins



HVER ÁBYRGIST ÞINN MEISTARA?

Meistarar í Samtökum iðnaðarins eru með Ábyrgðasjóð sem
tryggir þér vel unnið verk.

Ert þú með skriflegan samning og tryggingu um fagleg vinnubrögð frá þínum meistara?

Það er trygging fyrir gæðum og réttum vinnubrögðum að skipta við meistara og fagmenn sem hafa tilkallin
réttindi. Innan raða Samtaka iðnaðarins er starfandi Meistaradeild sem hefur á að skipa löggiltum fagmönnum
til hvers kyns framkvæmda.

Kynntu þér málið á www.si.is



Unnið að fjölmörgum brýnum mál-efnum innan SUT

Hilmar Veigar Pétursson, CCP, var endurkjörinn formaður á aðalfundi SUT – Samtaka íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja sem haldinn var 17. nóvember.

Þrjú meðstjórnendur sem sitja áfram eru Daði Friðriksson, Tölvumiðlun, Sigrún Eva Ármannsdóttir,

Skýrr og Jón Kristjánsson, Menn og mýs. Nýir meðstjórnendur kosnir til tveggja ára eru Hrannar Erlingsson, Maritech, Magnús Norðdahl, LS Retail og Ágúst Einarsson, EMR.

Í ársskýrslu SUT kom fram að unnið hefði verið að fjölmörgum brýnum verkefnum á Ári nýsköpunar. Þar á meðal má nefna má þátttöku í klasaverkefnum á sviði menntaheilbrigðis- og orkumála með áherslu á „betri þjónustu fyrir minna fé“ og þátttöku SUT í UT messunni. Tilgangur hennar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækni og áhrifum hennar á fólk, fyrirtæki og íslenskt samfélag. Í samstarfi við Íslandsstofu var haldin fyrirlestraröð sem fjallaði um markaðssókn á erlenda markaði.

Ríflega 50 UT fyrirtæki innan SUT halda áfram að vinna saman að ýmsum brýnum verkefnum sem skipta sköpum fyrir greinina til framtíðar.



Fundur um opinber innkaup til nýsköpunar

Hinn 25. maí stóðu Rannís og Samtök iðnaðarins fyrir fundi um tækifæri til að nýta opinber innkaup sem tæki til að örva nýsköpun í samfélaginu.

Opinber innkaup til nýsköpunar eru hluti af Evrópuverkefni með þátttöku Rannís en markmið þess er að vinna að tillögugerð um skilvirkni nýsköpunar ásamt því að þróa mælingar á áhrifum nýsköpunar í smárikjum.

Niðurstöður könnunar um stöðu og umfang opinberra innkaupa, sem gerð var samtímis í 6 öðrum smárikjum í Evrópu, leiddu í ljós að lítið hefur reynt á að opinber innkaup séu sérstaklega nýtt þar til að örva nýsköpun, rannsóknir og þróun. Þó var það samdóma álit þátttakenda að þörf fyrir umræðu um þann málaflokk væri mikil, sérstaklega nú á tímum efnahagslegra erfiðleika.

Hópur innlendra og erlendra aðila sótti fundinn og deildi reynslu sinni. Meðal fyrirlesara voru Luke Georghíou frá Háskólanum í Manchester, ráðgjafi Evrópusambandsins á þessu sviði, David Golding hjá Technology Strategy Board sem hefur unnið að þróun þessara mála um árábil og Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI.

Fræ ársins 2011

Verkefnið Börnin í Undralandi var valið FRÆ ársins 2011. Sköpun og hönnun tölvuleikja er leiðarstefið í hugmyndinni sem snýst um að hanna og þróa leiðir til að kenna forritun í formi tölvuleikja á fyrstu stigum grunnskólanáms.

Verðlaunahafarnir eru Rakel Sölvadóttir og Laufey Dís Ragnarsdóttir, tölvunarfræðingar og sálfræðinemar við Háskólann í Reykjavík.

Fræ ársins er valið árlega en markmið þess er að styðja við frumstig nýsköpunar. Verðlaunaféð nemur einni milljón kóna en auk þess eru skólagjöld vinningshafa í Viðskiptasmíðju Klaksins felld niður. Með þessu fá frumkvöðlarnir ekki aðeins fjárstuðning til að vinna að hugmynd sinni, heldur einnig það umhverfi, þá þjálfun og þann stuðning

sem þarf til að fullgera viðskiptaáætlun og koma á fót starfandi sprotafyrirtæki. Um 100 hugmyndir bárust í keppnina, sem Háskólinn í Reykjavík stendur fyrir í samvinnu við Össur hf., Samtök iðnaðarins, Landsvirkjun, Klak – nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins og Eyri Invest ehf.





HönnunarMars 2011

HönnunarMars var haldinn dagana 24. til 27. mars. HönnunarMars er fjögurra daga hönnunarhátíð haldin í Reykjavík. Dagskráin er jafnan barmfull af fjölbreyttum og spennandi viðburðum af ýmsu tagi. Hönnuðir bjóða almenningi að kynna sér heim hönnunar með áhugaverðum sýningum og fróðlegum fyrirlestrum sem endurspeglar fjölbreytta flóru íslenskrar hönnunar og arkitektúrs.

Dagskrá HönnunarMars 2011 var fjölbreytt og glæsileg. Kynntar voru nýjar vörur með ótrúlega fjölbreytt baksvið. Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla HönnunarMars.



Íslenskar konur í nýsköpun halda fyrstu ráðstefnuna í Hörpu

Samtök frumkvöðlakvenna héldu glæsilega alþjóðlega ráðstefnu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu 7. – 8. september.

Tilgangur ráðstefnunnar var að vekja athygli á uppfinninga- og frumkvöðlastarfsemi kvenna og stuðla að betri tækifærum kvenna í slíku umhverfi og auka áhuga á málefnum.

Samtök iðnaðarins voru meðal bakhjarla ráðstefnunnar.

Ráðstöfun iðnaðarmálagjalds

Þegar ný lög um iðnaðarmálagjald tóku gildi árið 2010 var ákveðið að tekjum af því skyldi varið til verkefna á sviði menntunar og nýsköpunar í iðnaði eftir því sem nánar yrði ákveðið í fjárlögum.

Samtök iðnaðarins, Meistarasamband byggingamanna og SART lögðu til við iðnaðarráðuneytið að iðnaðarmálagjaldi, sem innheimtist árið 2010 og síðar, yrði ráðstafað til tiltekinna stofnana og verkefna. Þær tillögur voru samþykktar og iðnaðarmálagjaldi var ráðstafað með eftirfarandi hætti.

Verkefni á vegum menntastofnana

Samtals 161,5 milljónum króna var varið til verkefna á vegum menntastofnana sem Samtök iðnaðarins höfðu skuldbundið sig til að fjármagna:

Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins	50,0 m.kr.
HÍ – verkfræði og náttúruvísindasvið	40,0 m.kr.
HR – tækni- og verkfr.deild, tölvunarfr.	30,0 m.kr.
Iðnmennt – námsgagnagerð	30,5 m.kr.
Viðskiptasmiðja Klaks	4,0 m.kr.
Hátækni- og sprotavettvangur	7,0 m.kr.

Vinnustaðanámssjóður

Stofnaður var námssjóður sem hefur að markmiði að auðvelda iðnfyrirtækjum að taka nema á námssamning. IÐAN – Fræðslusetur heldur utan um sjóðinn en stjórn setursins er skipuð fulltrúum frá MB, SART, SI og menntamálaráðuneytinu. Sjóðurinn nemur alls 40 milljónum króna.

Skills Iceland

Skills Iceland var úthlutað 10 milljónum króna en það fé verður annars vegar nýtt til að halda keppni ungra iðnnema hér á landi en hins vegar til að kynna grunnskólanemum iðn- og verknám.

Tækniþróunarsjóður

Tækniþróunarsjóður fékk aukið framlag að fjárhæð 115,8 milljónir með því fororði að þeir fjármunir yrðu nýttir til að leggja grunn að verkefnum: Betri þjónusta fyrir minna fé.

Mikill áhugi á nýjum mannvirkjalögum

Í tilefni af setningu nýrra mannvirkjalaga og stofnunar Mannvirkjastofnunar efndu SI til kynningarfundar í febrúar. Fjöldmenni var á fundinum en framsögumenn voru Steinunn Fjóra Sigurðardóttir, lögfræðingur, og Hafsteinn Pálsson, verkfræðingur, starfsmenn umhverfisráðuneytisins.

Auk þess að fara yfir lögina og helstu breytingar, hæfiskröfur, starfsleyfi, aðlögunarákvæði eða bráðabirgðaákvæði og tímaramma var gerð grein fyrir starfsemi Mannvirkjastofnunar sem tók til starfa um áramót 2010-2011 um leið og lögina tóku gildi.

Ályktun Iðnþings 10. mars 2011

FORGANGSMÁL

Átak í verk- og tæknimenntun
Sparnaður hins opinbera með klasasamstarfi
Trúverðug stefna í peningamálum og afnám gjaldeyrishafta
Óvissu létt af atvinnulífinu
Umsóknarferli að ESB verði lokið með faglegum hætti
Festu komið á skipan stjórnkerfis og löggjafar
Fjárfestingar og framkvæmdir
Skattkerfið einfaldað á ný og skattprósentur lækkaðar

Vinnumarkaðurinn er í misvægi. Á sama tíma og djúp kreppa ríkir í tilteknum atvinnugreinum skortir vinnuafli í öðrum, einkum tæknimenntað fólk. Um 14 þúsund manns eru án atvinnu með tilheyrandi samfélagslegum kostnaði. Markvisst átak þarf til langs tíma til að rétta af þennan halla, í samstarfi atvinnulífs, menntakerfis og stjórnvalda.

Niðurskurður í rekstri hins opinbera er óhjákvæmilegur. Í því felst ekki bara ógnun heldur líka tækifæri til að endurskoða og bæta vinnubrögð og fjárveitingar. Nýta á klasasamstarf fyrirtækja, stofnana og menntakerfis til að þróa nýjar lausnir og vinnubrögð hjá hinu opinbera. Það sparar fé til langs tíma lítið án þess að koma niður á þjónustu. Beina þarf opinberu þróunarfé sem mest úr opinberum stofnanafarvegi í samkeppnisfyrirkomulag eins og Tækniþróunarsjóður rekur.

Frá árslokum 2008 hefur íslenska krónan verið bundin í víðtæk gjaldeyrishöft eftir að bankakerfið hrundi og peningastefnan beið skipbrot. Þótt erfiðar aðstæður kunní að hafa réttlætt höftin er skaðsemi þeirra slík að ekki verður til lengdar unað. Afnám hafta í áföngum er nauðsynlegt samhliða skýrri sýn til langs tíma í peningamálum atvinnulífinu til hagsbóta.

Í kjaramálum er atvinnuleiðin eini raunhæfi valkosturinn sem byggist á langtíma-hugsun, samræmdri launastefnu, verðmætasköpun og fjárfestingu. Stórfelldar krónutöluhækkunar leiða aðeins til verðbólgu og kjararárýmunar.

Sótt hefur verið um aðild að ESB. Halda þarf umsóknarferlinu áfram af fullum heilindum í náinni samvinnu við atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila þar sem lítið er til víðtækra hagsmuna heildarinnar en ekki bara þröngra sérhagsmuna.

Óskýrar yfirlýsingar stjórnvalda um þjóðnýtingu fyrirtækja og eignaupptöku eru afar skaðlegar. Erlendir og íslenskir fjárfestar verða að geta treyst því að hér sé réttarríki, að framkvæmdavaldið fari að lögum og reglum og því sé reynandi að taka þátt í íslenski atvinnuuppbyggingu. Festa þarf að komast á skipan stjórnkerfis og löggjafar í landinu.

Fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki á sama tíma og mikið fé liggur óhreyft í bankakerfinu. Hraða þarf endurskipulagningu á fjárhag atvinnulífsins. Taka þarf ákvörðun um að hefja arðbærar framkvæmdir.

Vinda þarf ofan af skattahækkunum á síðastliðnum tveimur árum og greiða úr því stórfleкта skattkerfi sem nú hefur verið komið á. Það hamlar fjárfestingu og tefur fyrir endurreisn atvinnulífsins en skilar litlu í ríkissjóð.

Iðnþing 2011



Helgi Magnússon, formaður SI, og Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra ávörpuðu þing-ið. Að því loknu héldu erindi Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðinni, Guðrún Högnadóttir, HR, Tatjana Latinovic, Össuri, Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorku og Orri Hauksson SI. Fundarstjóri var Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitári.

Tæplega 300 manns sóttu Iðnþing Samtaka iðnaðarins í mars þar sem rætt var um nýsköpun sem leið til að endurreisa íslenskt atvinnulíf.



Mikil vaxtartækifæri

Líftækni er ein af forsendum þróunar í nútímasamfélagi og skiptir miklu máli fyrir samkeppnishæfni þjóða. Líftækni er undirliggjandi tækni í samfélaginu, rétt eins og upplýsingatækni og er notuð á fjölmörgum sviðum samfélagsins s.s. í landbúnaði, matvælavinnslu, á heilbrigðissviði, í orkuviðnaði og sjávarútvegi. Vænta má mikils vaxtar á sviði líftækni í framtíðinni og tækifæri til atvinnusköpunar liggja víða.

Samtök íslenskra líftækniyfirtækja, SÍL, héldu aðalfund sinn í nóvember í húsakynnum Matís. Fyrirtækin Matís, Kerecis, DIS og Prokazyme kynntu



starfsemi sína en þau starfa öll í húsinu. Spennandi verkefni og miklir vaxtarmöguleikar virðast vera hjá fyrirtækjunum.

Á fundinum var fjallað um starf liðins árs en samtökin koma víða við í starfi sínu. Þátttaka í samstarfsverkefnum á vegum Hátækni- og sprotavettvangs hefur verið meðal fastra verkefna undanfarin ár. Þar hefur verið unnið að

framgangi margra góðra mála og vettvangurinn reynst mikilvægur til að tengja aðila innan og utan stjórn-sýslunnar. Samtökin hafa einnig átt samstarf við AVS-rannsóknarsjóð í sjávarútvegi varðandi líftækniþóp AVS. Samtökin fylgjast með setningu laga- og reglugerða og hafa sent inn umsagnir um lagafrumvörp sem varða hagsmuni líftækniyfirtækja og komið sjónarmiðum líftækniþópa á framfæri þar sem þess hefur verið þörf. Á liðnum vetri héldu samtökin ráðstefnu um erfðatækni, notagildi og möguleika til atvinnusköpunar. Ráðstefnan var vel sótt og rætt um ólíkar hliðar við að nýta tæknina, kosti hennar og galla.

Stjórn samtakanna er þannig skipuð að Jóhannes Gíslason hjá Genís situr áfram sem formaður og meðstjórnendur eru Ása Brynjólfssdóttir hjá Bláa Lóninu heilsuvörum og Hörður G. Kristinsson hjá Matís.



Um 100 manns sóttu málstofu Samtaka íslenskra líftækniyfirtækja og Samtaka iðnaðarins um erfðatækni, notagildi og möguleika til atvinnusköpunar.

Markmið málstofunnar var að auka þekkingu og skilning á erfðatækni og notagildi hennar í nútíð og framtíð, með sérstaka áherslu á nýtingarmöguleika erfðatækninnar til að skapa atvinnu. Fjallað var um sögu erfðatækninnar, kosti og takmarkanir og hugtök skilgreind sem nota má til faglegrar og upplýstrar umræðu. Fyrirlesarar frá fyrirtækjum og rannsóknastofnunum gerðu grein fyrir

sinni sýn á erfðatæknina, hvernig hún er notuð, þróun og framtíðarsýn. Sjónum var m.a. beint að plöntukynbótum, lyfjaframleiðslu, nýrri rannsóknartækni og rætt um lagaramma og umhverfismál.

Að erindum loknum var efnt til pallborðsumræðna með þátttöku allra fyrirlesara. Líflegar umræður spunnust enda höfðu fundargestir margs að spyrja, m.a. hvort vænta megi að varúðarreglunni verði í framtíðinni beitt í annarri löggjöf á svipaðan hátt og gert hefur verið varðandi erfðatækni.

100% endurgreiðsla VSK framlengd um ár

Alþingi samþykkti að framlengja um ár 100% endurgreiðslu VSK af vinnu á byggingastað. Samtök iðnaðarins hvöttu ráðuneytið til framlengja heimildina sem skilað hefur auknum umsvifum á byggingamarkaði.

Heimildin nær til byggjenda og eigna-íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis, auk húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga.

Endurgreiðslurnar hafa orðið mikil lyftistöng fyrir byggingamarkaðinn og fjölmargir hafa nýtt sér þessa tímabundnu endurgreiðslur.

Í könnun sem Capacent gerði þar sem árangur verkefnisins Allir vinna var mældur, kom í ljós að endurgreiðsla VSK af vinnu á byggingarstað leiddi til aukinna framkvæmda.

Ný stjórn IGI



Á aðalfundi IGI – samtaka íslenskra tölvuleikjaframleiðenda sem haldinn var í september var kosin ný stjórn. Nýr formaður

er Sigurður Eggert Gunnarsson frá Gogogic en hann tekur við kyndlinum af Sigurlínu V. Ingvarsdóttur hjá CCP. Meðstjórnendur eru Helgi Már Bjarnason, Fort North, Stefánía Halldórsdóttir CCP, Hilmar Ö. Egilsson, Fancy Pant Global og Þorsteinn Baldur Friðriksson, Plain Vanilla. Varamenn eru Ólafur Andri Ragnarsson, Betware og Anna Katrín Ólafsdóttir, CCP.

Í ársskýrslu IGI kom fram að unnið hefur verið að fjölmörgum brýnum verkefnum. Stórt verkefni er framundan hjá nýrri stjórn en það er Nordic Game samstarf Norðurlandþjóða sem hafa m.a. staðið fyrir Nordic Game ráðstefnu en hún fór fram í Malmö í maí. Níu leikjafyrirtæki eiga aðild að IGI sem stofnað var sem starfsgreinahópur innan SI í september árið 2009.

Nýjung á vef SI - Mælaborð iðnaðarins

Mælaborð iðnaðarins var í upphafi árs kynnt á vef samtakanna. Þar eru margvíslegar hagtölur aðgengilegar með nýstárlegum hætti og byggjast á sjálfvirkri uppfærslu gagna. Sérít Íslensks iðnaðar, Starfsskýrði iðnaðarins og Mælaborðið eru arftakar Hagtalna iðnaðarins sem gefnar voru út ásamt almanaki um árabíl. Markmiðið er hið sama og áður þ.e. er að kynni aðstöðu og starfsskýrði iðnaðar í samfélaginu og auka skilning á þýðingu og vægi iðnaðarins í heild eins og frekast er kostur.

Vaxtarsprotinn 2011



Fyrirtækið Handpoint ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2011 sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis. Fyrirtækið meira en fjórfaldaði veltu sína milli árunna 2009 og 2010. Fyrirtækin Marorka, Trackwell og Gogogic fengu einnig viðurkenningu fyrir góðan vöxt á síðasta ári.

Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi slíkra fyrirtækja.

Nova hlaut hæstu einkunn allra fyrirtækja í Íslensku ánægjuvuginni



Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar voru að vanda kynntar í febrúar. Þetta er tólfta árið sem ánægja viðskiptavina íslenskra fyrirtækja er mæld með þessum hætti. Að þessu sinni voru mæld 25 fyrirtæki í 7 atvinnugreinum. Niðurstöður byggjast á svörum um 200-500 viðskiptavina hvers fyrirtækis. Hæstu einkunn allra fyrirtækja hlaut Nova 73,1 af 100 mögulegum.

Samtök iðnaðarins standa að Íslensku ánægjuvuginni ásamt Stjórnvísi og Capacent Gallup og taka ennfremur þátt í Evrópsku ánægjuvuginni. Markmiðið er að veita fyrirtækjum upplýsingar um samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina og öðrum þáttum eins og ímynd, gæðum og tryggð viðskiptavina.



SI og forseti Íslands tala fyrir tengslum náms og atvinnulífs

Samtök iðnaðarins og forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, heimsóttu Fjölbrotaskóla Suðurlands og Menntaskólann á Ísafirði í október.

Tilgangur heimsóknanna var að ræða við nemendur um tengsl náms og atvinnulífs, þau fjölbreyttu störf sem standa til boða í ólíkum greinum iðnaðar og skort á verk-, tækni- og iðnmenntuðu starfsfólki sem margar greinar glíma við.

Að loknum heimsóknum í skólana var tekið hús á nokkrum iðnfyrirtækjum á hvorum stað.

Hádegiserindi Toppstöðvarinnar og SI

Toppstöðin og Samtök iðnaðarins hafa tekið höndum saman og standa fyrir erindaröð um íslenska framleiðslu og vinnslumöguleika. Í hverjum mánuði verður fjallað um eitt hráefni. Sérfræðingur úr framleiðslu-iðnaði varpar ljósi á hráefnið, eiginleika þess, framboð til framtíðar, vinnslumöguleika, horfur og þróun. Í lok hvers erindis gefst svigrúm til fyrirspurna og umræðu. Markmiðið með erindunum er að efla vitund um innlenda framleiðslukosti og stuðla að þverfaglegu samstarfi. Þrjú erindi um málm, timbur og gler hafa þegar verið haldin og mælst vel fyrir.

Útboðsþing 2011

Árlegt útboðsþing Samtaka iðnaðarins um verklegar framkvæmdir var haldið 15. mars á Grand Hótel Reykjavík. Þingið var fjölmennt að vanda en

kynntar voru opinberar framkvæmdir fyrir 51 milljarð króna. Að Útboðsþingum standa, auk Samtaka iðnaðarins, Mannvirki og Félag vinnuvélaeigenda.



LEGO hönnunarkeppnin

Lið Grunnskóla Hornafjarðar, Hornsýlin, stóð uppi sem sigurvegari í LEGO hönnunarkeppni grunnskólabarna, First Lego League.

Alls voru hátt í 100 krakkar í níu liðum frá jafnmörgum skólum skráðir til leiks en þeir voru á aldrinum 10-15 ára. Keppni hófst snemma að morgni þegar þátttakendur glímdu við fyrstu þraut af fimm. Þar höfðu keppendur smíðað vélmenni úr tölvustýrðu LEGO-i sem er forritað til að leysa tiltekna þraut. Önnur þrautin fólst í að gera vísinda-

lega rannsókn á fæðuöryggi. Í þriðja lagi héldu keppendur ítarlega dagbók um undirbúning fyrir keppnina og í fjórða lagi fluttu þeir frumsamið skemmtiatriði. Í fimmtu og síðustu þraut áttu liðin að gera grein fyrir því hvernig þau forrituðu vélmenni sitt í fyrstu þraut en þar reyndi á þekkingu þátttakenda á eigin búnaði.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands sá um keppnina en bakhjarlar hennar voru Nýherji, Verkfræðingafélag Íslands, Samtök iðnaðarins og Matis.

MÁLMMUR og Félag blikksmiðjueigenda

Verkefnastaða málm- og véltæknifyrirtækja árið 2011 var alla jafna góð en nokkur skortur hefur verið á lærdum málm-iðnaðarmönnum. Eitt af meginverkefnum fagfélaga í greininni (MÁLMS og Félags blikksmiðjueigenda - FBE) og SI hefur því verið að hvetja ungt fólk til að stunda nám í málmíðngreinum. Sú viðleitni, ásamt góðri samvinnu við þá skóla sem kenna faggreinar málmíðna, hefur leitt til þess að nemendum í þeim greinum hefur fjölgað talsvert undanfarin misseri í grunndeildum málmíðna í flestum þeirra tíu skóla þar sem slíkt nám er í boði. Áfram verður haldið á þessari braut og áhersla lögð á gott samstarf við námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum en það vekur vonir um enn meiri árangur á þessu sviði.

Undanfarin ár hefur meginþungi í starfi MÁLMS, fagfélags málmíðngreina, beinst að því að fylgja þeirri stefnu sem mörkuð var árið 2004. Þá voru skilgreind þau markmið sem stefnt skyldi að vinna að út áratuginn til að auka samkeppnishæfni greinarinnar bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Greind voru þau meginverkefni sem unnið yrði að næstu árin. Þar má nefna að auka framleiðni í greininni, bæta gæðavitund, efla verk- og tæknimenntun starfsmanna, bæði í faglegum og stjórnunarlegum eignum, bæta ímynd greinarinnar og auka kostnaðarvitund fyrirtækja svo að nokkuð sé nefnt. Að öllum þessum verkefnum hefur síðan verið unnið og árangurinn sést m.a. í hinu áfangastýrða gæðakerfi SI, öfluglu starfi Málm- og véltækni sviðs IÐUNNAR, sem hefur boðið fram fjölbreytt úrval endurmenntunar fyrir starfsmenn og fyrirtæki í greininni. Þá hafa fræðslumál verkstjóra verið stökkuð upp.

Næsta verkefni MÁLMS er að kalla alla félagsmenn saman, eins og gert var um árið, til að móta nýja framtíðarstefnu til næstu sex til átta ára. Til að undirbúa þá vinnu hefur verið



gefið út vandað rit undir heitinu „Málm- og véltækni er SKAPANDI IÐNGREIN.“ Þar eru verkefni fyrirtækja innan greinarinnar skilgreind með hliðsjón af viðskiptavinum eins og álver, önnur stóriðja, byggingariðnaður, matvælavinnsla, orkuvirki og sjávarútvegur.

Þeim er síðan skipt í þau meginviðfangsefni sem eru annars vegar viðgerðir og viðhald en hins vegar þróun og nýsmíði fyrir sömu viðskiptavinum. Sú nýsmíði er undirstaða fjölbreyttrar framleiðslu og vaxandi útflutnings véla og tækja eins og fyrir fiskvinnslu, útgerð og álver um víða veröld. Framundan er að skilgreina helstu áhrifaþætti til að ná enn frekari árangri og viðfangsefni í tengslum við þá framtíðarsýn sem mótuð verður fyrri hluta árs 2012.

Enda þótt fyrirtæki innan Félags blikksmiðjueigenda tengist mjög núverandi ástandi í byggingagreininni hefur þeim tekist að halda sjó síðustu ár hvað verkefni varðar enda hafa slíkar smiðjur bæði tæki og sérhæfðan mannskap til að laga sig að fleiri verkefnum sem bjóðast á markaði. Í því sambandi má nefna að stórar blikksmiðjur hafa framleitt heilu vélasamstæðurnar í loftræstikerfi sem áður voru flutt inn í ríkjum mæli.

Í síðustu ársskýrslu var þess getið að alvarleg umræða hefði átt sér stað undanfarin misseri milli stjórna MÁLMS og FBE um starf og stefnu IÐUNNAR hvað varðar Málm- og véltækni sviðið. SI beittu sér fyrir að leita lausna og nýlega var samþykkt að Málm- og véltækni sviðið verði sjálfstæð rekstrareining, a.m.k. næstu tvö árin, innan IÐUNNAR. Stjórn sviðsins mun því hafa fullt stjórnunarlegt og fjárhagslegt frelsi og ber fulla ábyrgð á rekstri sviðsins þótt það verði formlega áfram hluti af IÐUNNI, fræðslusetri. Fulltrúar málmisins sitja áfram í stjórn IÐUNNAR og taka þar þátt í öllum störfum eins og verið hefur.



Ári nýsköpunar ekki lokið...



Uppskeruhátíð Árs nýsköpunar var haldin í Listasafni Reykjavíkur í nóvember í Alþjóðlegri athafnavíku Innovits. Átakinu var hleypt af stokkunum í Marel 29. október árið 2010. Uppskeruhátíðin var vel sótt en til hennar var boðið félagsmönnum SI og samstarfsaðilum.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, fjallaði um helstu viðburði og afrek unnin á árinu í máli og myndum og lauk erindi sínu með því að tilkynna að átakið yrði framlengt. Orri sagði Íslendinga búa yfir fjölmörgum tækifærum til að nýta styrk sinn og skipa sér í fremstu röð þjóða á næstu áratugum. Hins vegar yrði því marki ekki náð með sprett-hlaupi. „Við ákváðum því að segja þessu átaki okkar á Ári nýsköpunar ekki lokið að þessu sinni, heldur setja hér kommu, meta stöðuna og halda áfram á sömu braut.“

Sigurjón Sighvatsson, kvikmyndaframleiðandi, hélt erindi um sköpun, nýsköpun, innblástur og eftirfylgni. Hann kom víða við og byggði frásögn sína ekki síst á eigin reynslu sem frumkvöðull og athafnamaður.



Framhaldsskólanemar hugsa út fyrir BOXIÐ

BOXID – framkvæmdakeppni framhaldsskólanna fór fram í Háskólanum í Reykjavík 7. október. Átta skólar tóku þátt í æsispennandi keppni sem lauk með sigri Verzlunarskóla Íslands. Markmið keppinnar, sem var haldin í fyrsta sinn, er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði.

Fjórtán framhaldsskólar víðsvegar að landinu sendu lið í undankeppni BOXINS. Átta lið komust áfram í aðalkeppnina. Keppnin fólst í þrautabraut með sex stöðvum og fóru liðin, sem hvert var skipað fimm manns, milli brauta og leystu ólíkar þrautir á hverjum stað. Þrautirnar reyndu bæði á hugvit og verklag en fyrirtæki úr ólíkum greinum iðnaðarins bjuggu þrautirnar til í samstarfi við fræðimenn Háskólans í Reykjavík.

Fyrirtækin sem tóku þátt í gerð þrautanna voru Betware, Ístak, Marel, Mentor, Promens, Ölgerðin og Össur. Margmiðlunarskólinn studdi keppnina með fjárframlagi.

BOXID er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík og Sambands íslenskra framhaldsskólanema.



Fundaröð um orkumál á Ári nýsköpunar

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fundaröð í maí um orkumál í samstarfi við HR og Samál. Fundirnir voru liður í dagskrá Árs nýsköpunar. Á fyrsta fundi var fjallað um nýjar leiðir í orkuframléiðslu og hugsanlega framléiðslugetu í raforku. Sjónum var m.a. beint að djúpbörnun, vindorku og sjávarföllum. Einnig var horft til betri nýtingar í kerfinu og hvernig betur megi fara með það sem fyrir er. Á næsta fundi var fjallað um þjóðhagsleg áhrif orkunýtingar, m.a. flæði beinnar erlendra fjárfestingar á orkufrekan iðnað hér á landi, orkutengd verkefni til atvinnuuppbyggingar og þjóðhagslegan ávinning orkutengds iðnaðar.

Umfjöllunarefni þriðja og síðasta fundar var orka fyrir samgöngur. Gestafyrirlesari var Philip Metcalfe, ráðgjafi á sviði endurnýjanlegrar orku. Hann er rafmagnsverkfræðingur og starfar sem ráðgjafi og leggur áherslu á fjárfestingar í endurnýjanlegri orku. Philip hefur m.a. starfað að verkefnum um lífdísil, vindmyllur og kolefnisviðskipti.



Tækifæri til nýsköpunar

Stefnumót og upplýsingafundur um tækifæri til nýsköpunar á menntasviði var haldinn á Grand Hótel í september. Fundurinn var liður í Ári nýsköpunar SI.

Markmið fundarins var að kynna nýja markáætlun Tækni-próunarsjóðs um klasasamstarf á menntasviði, gefa fyrir-tækjum kost á að koma á framfæri hugmyndum að fjöl-breyttum lausnum á menntasviði og veita menntastofnunum tækifæri til að kynna þarfir fyrir nýsköpun á menntasviði. Sex erindi um atvinnulíf og menntamál voru flutt en auk þess kynntu níu fyrirtæki annars vegar þarfir en hins vegar lausnir sem þau hafa að bjóða.

Húsnæðismarkaður að taka við sér

Þróun á húsnæðismarkaði ber þess skýr merki að hann sé nokkuð að lifna við. Markaðsverð á húsnæði þokast nú upp á við á ný, kaupsamningum fjölgar og líf er að færast í nýbyggingar eftir gríðarlegan samdrátt allt frá árslokum 2007. Í nóvember og desember var velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu meiri en nokkru sinni frá hrúni bankanna eða frá desember árið 2007.

Kaupsamningum árið 2011 fjölgaði um 60% frá fyrra ári en þrátt fyrir það er markaðurinn nú mun minni en þegar fasteignabólan stóð sem hæst árið 2007.

Vöxtur í nýbyggingum er ekki jafn mikill en af ýmsum ástæðum er erfiðara að meta hann. Hagstofan birtir einu sinni ári upplýsingar um fjölda þeirra íbúða sem byrjað er að byggja. Árið 2010 var byrjað að byggja 317 íbúðir en á árunum 2005-2008 var byrjað að byggja 3.200 til 4400 íbúðir. Að mati Samtaka iðnaðarins er árleg meðalþörf um 1.500 íbúðir til að fullnægja eðlilegri endurnýjun á húsnæði. Því er ljóst að fáar nýbyggingar sl. tvö til þrjú ár skýra hluta af auknum umsvifum á húsnæðismarkaði, þ.e. aukin almenn húsnæðisþörf. Tölur í þjóðhagsreikningum um fjárfestingu í íbúðarhúsnæði sýna að þær eru teknar að hækka á ný en á fjórða ársfjórðungi 2010 mældist fyrsta aukningin. Árið 2011 mældist ársbreyting nýfjárfestingar um 11% en spár gera ráð fyrir talsverðri breytingu til hins betra árið 2012 eða allt að 25%.

Önnur skýring á umskiptum á fasteignamarkaði felst í að efnahagslífið er nokkuð að taka við sér og fjármáaleg skilyrði heimila hafa batnað. Þá hefur fasteignaverð hækkað nokkuð á árinu eða um 10%.

Íbúðir í byggingu færri en áætluð ársþörf

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir því að taldar voru íbúðir í byggingu á höfuðborgarsvæðinu í mars og desember. Íbúðir, sem byrjað var að byggja, fókheldar eða lengra komnar, voru 1648 í mars en 1419 í desember.

Talið er að árlega þurfi um 1500 nýjar íbúðir á markaðinn. Íbúðir, sem nú eru í byggingu, eru því færri en nemur áætlaðri ársþörf. Þá þarf að hafa í huga að það tekur 18 til 24 mánuði að byggja íbúð í fjölbýli. Því er ljóst að íbúðir, sem nú eru í byggingu, eru langt frá því að fullnægja þörf markaðarins.

Þótt fækkun frá vori til hausts nemi einungis 229 íbúðum á sér stað mikil breyting á byggingarstigi einstakra eigna og talsvert unnið í ófullgerðum mannvirkjum.

Fokhelt og lengra komið - byggingarstig 4-7

Íbúðir í fjölbýli 837

Rað- og parhús 234

Einbýli 104

Samtals: 1175

Sökklar og að fókheldu - byggingarstig 2 og 3

Íbúðir í fjölbýli 213

Rað- og parhús 17

Einbýli 14

Samtals: 244

Heildarfjöldi íbúða 1419

Tækni- og hugverkafyrir- tækja 2011

Fulltrúar tækni- og hugverkafyrir-
tækja, stuðningsaðilar og alþingismenn
komu saman í fjórða sinn á Tækni- og
hugverkafyrir- tækja 2011 í október undir
kjörorðinu: Nýsköpun – uppspretta
verðmæta.

Þar var fjallað um stöðu og starfs-
skilyrði tækni- og hugverkafyrirtækja
hér á landi og hvernig stjórnvöld, stoð-
kerfi og atvinnulíf geta tekið höndum
saman um að koma nauðsynlegum
umbótum í framkvæmd. Góður sam-
hljómur var í stefnu stjórnvalda og
tækni- og hugverkaiðnaðar og fátt ætti
því að verða því til fyrirstöðu að hrinda
áhersluverkefnum í framkvæmd.

Í aðdraganda Tækni- og hugverka-
þings 2011 var unnin ný stefnumótun
og skilgreind áhersluverkefni greinar-
innar til ársins 2016. Sú stefnumótun
var kynnt á þinginu og áhersluverkefni
kynnt í nefndum þingsins til umræðu.

Nú tillögur ræddar í þingnefndum

Að loknum framsöguerindum hófst
meginkjarni þingsins þegar þátttakendur
tóku til starfa í níu þingnefndum. Þar
voru lagðar fram tillögur um áherslu-
verkefni og aðgerðir til að bæta starfs-
skilyrði tækni- og hugverkafyrirtækja
sem eiga erindi við stjórnvöld og Al-
þingi.

Þegar þingnefndir höfðu lokið starfi
sínu sófnuðust þátttakendur aftur
saman í aðalsal og málshefjendur
hverrar tillögu gerðu grein fyrir niður-
stöðum.

Nýsköpun lykill að framtíðinni

Viðfangsefni í starfs- og stuðnings-
umhverfi tækni- og hugverkafyrirtækja
eru þess eðlis að þau krefjast samstarfs
fyrirtækjanna og samtaka þeirra,
stjórnvalda og annarra stuðningsaðila.
Slíkt samstarf hefur verið með ýmsum
hætti hér á landi á undanförunum árum
en með Hátækni- og sprotavettvangi
hefur verið unnið að því að gera það
skilvirkara.



Orri Hauksson sleit Tækni- og hug-
verkafyrir- tækja með því að færa fulltrúum
Alþingis níu blöðrur, eina fyrir hvert
verkefni, með þeim orðum að þeim
skyldi haldið á lofti með áframhaldandi
samstarfi. Þá var öllum þátttakendum
þingsins færð að gjöf lykklappa sem
pípir þegar flautað er. Gjöfinni er ætlað
að minna viðtakendur á að týna ekki
lyklinum – Nýsköpun að framtíðinni.

Ef vel er að verki staðið geta þær
umbætur, sem ræddar verða á Tækni-

og hugverkafyrir- tækja, stuðlað að því að
tækni- og hugverkaiðnaður verði ein
meginstoð hagvaxtar hér á landi á
komandi árum og sú leið sem best
getur tryggt lífeyrissjóðum og öðrum
fjárfestum mikla ávöxtun í framtíðinni.
Grunnur að þeirri uppbyggingu felst í
að hér á landi geti fjölbreytt flóra arð-
vænlegra tækni- og hugverkafyrirtækja
vaxið og dafnað í starfsumhverfi í
fremstu röð.

Framtíðarsýn og stefnumótun tækni- og hugverkagreina til ársins 2016

Í maí stóðu Samtök iðnaðarins og Hátækni- og sprotavettvangur fyrir
stefnumótunarfundi um framtíð og áherslur tækni- og hugverkagreina. Hátt í
fimmtíu fulltrúar fyrirtækja, stjórnvalda, auk þingmanna og stoðaðila tóku þátt í
fundinum. Unnið var samkvæmt aðferðum stefnumótunar sem Samtökin hafa
þróað. Nú hafa meginlínur varðandi sameiginlega framtíðarsýn, forsendur og
áhersluverkefni greinarinnar verið lagðar og verið er að ljúka gerð framkvæmda-
áætlunar til að hrinda helstu áhersluverkefnum í framkvæmd.

Þingnefndartillögur

Tillaga 1: Samstarfsvettvangur hugverkagreina – samstarf við stjórnvöld og
þingflokka – eitt atvinnuvegaráðuneyti

Tillaga 2: Bætt hagtolugerð tækni- og hugverkagreina

Tillaga 3: Tækniþróunarsjóður eflur í fjóra milljarða - Styrkir til markaðsstarfs
erlendis – efling Brúarstyrkja

Tillaga 4: Menntastefna til stuðnings atvinnustefnu – markvissara iðn- og tækninám

Tillaga 5: „Inspired by Icelandic Innovation“ – markaðsstarf erlendis og vitundarvakning
um áhrif ímyndar fyrir útflutning

Tillaga 6: Laða hæfileikaríkt fólk til starfa á Íslandi – hvatar t.d. í skattkerfinu

Tillaga 7: Skattafsláttur v. hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum eða
sjóðum - Skipulögð miðlun/markaður hlutabréfa lítilla fyrirtækja

Tillaga 8: Hluta fjárlagaliða heilbrigðis- og velferðarmála, menntamála, orku- og umhverfismála
og niðurgreiðslna veitt í samkeppnissjóði og klasasamstarf um „betri þjónustu
fyrir minna fé“

Tillaga 9: Höfuðstöðvar útflutningsfyrirtækja á Íslandi – draga úr áhrifum gjaldeyrishafta
á útflutning frá Íslandi



Stofnfundur um klasasamstarf innan hins íslenska jarðvarmaklasa var haldinn í Arion banka fyrir ári. Verkefnið hófst í október 2009 með þátttöku Dr. Michael Porter og aðstoðarmanns hans Dr. Christian Ketels. Verkstjórn er í höndum ráðgjafafyrirtækisins Gekon.

Þátttakendur í verkefninu eru yfir 60 talsins en þátttaka þeirra í verkefninu fólst í framlögum í formi fjármagns, vöru og þjónustu auk upplýsingagjafar. Hinn 1. nóvember 2010 var haldin um 900 manna ráðstefna í Reykjavík, Iceland Geothermal 2010. Þar kynntu Dr. Porter og Dr. Ketels niðurstöður kortlagningar jarðvarmaklasans.

Með ráðstefnunni lauk fyrsta þætti í framþróun samstarfs hins íslenska jarðvarmaklasa, þ.e. greiningarþættinum. Að ráðstefnunni lokinni hófst annar þáttur; samstarfsmótun jarðvarmaklasans. Mikil áhersla var lögð á að framvindan yrði á forsendum at-

vinnulífsins og hinn 16. mars var boðað til fundar með 35 stærstu hagsmunaaðilum jarðvarmaklasans. Þar var samþykkt að skipa 7 manna fagråd sem stýrt hefur verkefninu með Gekon. Fagráðið vann úr þeim gögnum sem fram komu á vinnustofu sem fleiri en 100 þungavigtaraðilar innan klasans tóku þátt í maí síðastliðnum. Með aðstoð Gekon útfærði fagráðið síðan tillögur um stofnun og verkefni formlegs samstarfsvettvangs innan íslenska jarðvarmaklasans.

Þriðji þáttur í þessu ferli felst í að vinna að skilgreindum verkefnum klasasamstarfsins allt fram í desember. Skipaðir hafa verið 10 faghópar en þar sitja m.a. fulltrúar SI og fyrirtækja innan samtakanna.

Í lok árs líta samstarfsaðilar yfir farinn veg og meta hvort halda skuli samstarfinu áfram og þá í hvaða formi.

Félagsfundur um óvissu á vinnumarkaði

Samtök iðnaðarins efndu til félagsfundar um stöðu kjaraviðræðna á Hilton Reykjavík Nordica í febrúar. Tilgangur fundarins var að ræða stöðu og horfur í þáverandi kjaraviðræðum frá sjónarhorni SI.

Framsögumaður var Helgi Magnússon, formaður SI, sem gerði grein fyrir stöðunni og sagði m.a. frá ályktun stjórnar SA um atvinnuleiðina.

Að erindi loknu sátu fyrir svörum Vilmundur Jósefsson, formaður SA og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.



Gullsmíðadagurinn

Félagar í Félagi íslenskra gullsmíða héldu Gullsmíðadaginn hátíðlegan í október. Þetta var í fyrsta sinn sem dagurinn er haldinn en það var gert í tengslum við afmæli félagsins, 19. október. Ætlunin er að Gullsmíðadagurinn verði árviss viðburður.

Gullsmíðir buðu gestum og gangandi að koma með eftirlætisskartgripinn sinn, fá hann þrífinn og spjalla við fagmanninn.

Markmið Gullsmíðadagsins er vekja athygli á fagmennsku í greininni og fræða almenning um störf gullsmíða og mikilvægi þess að skipta við fagfólk.



Nýsköpun á Menntadegi iðnaðarins

Á Menntadegi iðnaðarins, sem haldinn var á Grand Hótel Reykjavík 10. febrúar, var fjallað um nýsköpun og menntun. Málþingið sóttu um 100 manns úr skólakerfi og atvinnulífi.

Í þeim níu erindum, sem flutt voru, var meðal annars varpað fram spurningum eins og hvernig má bæta árangur menntakerfisins? Hvaða gæðum viljum við að menntakerfið skili? Hvernig má nýta betur aðföng menntakerfisins, þ.m.t. fjármagn? Þá voru gefin fjögur raundæmi um árangursríkt samstarf fyrirtækja, skóla og stofnana.

Fundarstjóri var Þorsteinn Víglundsson, formaður stjórnar IÐUNNAR

Matur er mannsins megin



Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja fjalla um matvælaöggjöf

Innleiðingu nýrrar matvælaöggjöfar lauk á liðnu ári þegar ákvæði hennar tóku gildi í fyrirtækjum sem vinna úr dýraafurðum, þ.e.a.s. fiskvinnslu-, mjólkur- og kjötvinnslu. Löggjöfin hefur leitt til kostnaðarsamra breytinga á húsnæði í mörgum fyrirtækjum í þeim greinum. Auk þess eru mun meiri kröfur gerðar til örverugreiningar en áður var en það hefur einnig mikinn kostnað í för með sér. SI hafa lagt áherslu á að kröfur um örverumælingar byggist á áhættumati og sé haldið í lágmarki án þess þó að öryggi matvæla sé stefnt í hættu. Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja (SMK) hafa nú starfað í rúmt ár. Þau hafa fylgst náið með innleiðingu reglugerðarinnar. Samtökin voru með innlegg á Samráðsþingi MAST þar sem lögð var áhersla á mikilvægi þess að eftirlit og kröfur séu samræmdar milli eftirlitssvæða og að kröfur hér á landi gangi ekki lengra en reglugerðir segja til um.




Bann við forverðmerkingu

Bann Samkeppniseftirlitsins við forverðmerkingu matvæla tók gildi á árinu. SI töldu að sú ráðstöfun yrði neytendum ekki til hagsbóta þar sem hætta væri á að álagning verslana hækkaði. Komið hefur á daginn að verðmunur milli verslana hefur vissulega aukist en miklu frekar til hækunar. Neytendur kvörtuðu sáran fyrst eftir að breytingarnar tóku gildi og því erfitt að meta hvort þær hafi orðið neytendum til hagsbóta. Þó fullyrðir Samkeppniseftirlitið að breytingin komi neytendum til góða til langs tíma lítið.

Skýrsla um skólamáltíðir


Neikvæð umræða um gæði skólamáltíða kom ítrekað upp á árinu. Skýrsla um skólamáltíðir á Norðurlöndum sem SI og fleiri unnu, kom út í



apríl. Þar er m.a bent á mikilvægi samstarfs til að auka virðingu fyrir máltíðum í skólum og leiðir til að auka gæði þeirra án þess að kostnaður hækki til muna. Í skýrslunni er að finna ábendingar til sveitarfélaga, skólastjórnenda, matvælaíðnaðar, eldhúsa, foreldra og lýðheilsuyfirvalda um hvernig standa megi að málum til að ná sem bestum árangri.

Bakarar láta gott af sér leiða

Landssamband bakameistara efndi til söluáttaks á mæðradaginn til stuðnings félaginu „Göngum saman“ með sölu brjóstabollunnar. Alls söfnuðust 1.080.000,- krónur sem runnu til félagsins sem styrkir grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini. Kaka ársins var kynnt í febrúar og nýtur sífellt meiri vinsælda. Í september gekkst sambandið fyrir kynningarátaki sem hvetur neytendur til að velja fremur brauð úr heilmöluðu korni en fínkorna. Það kemur vel heim við yfirlýsingar manneldissérfræðinga um að meira heilkorn vanti í fæði þjóðarinnar.



Sýningin MATUR-inn á Akureyri

Sýningin MATUR-Inn var haldin í íþróttahöllinni á Akureyri fyrstu helgina í október. Aðalmarkmið sýningarinnar er að kynna norðlenskan mat og matarmenningu. Á fjórða tug fyrirtækja kynntu starfsemi sína, jafnt stórir sem smáir matvælaframleiðendur og fyrirtæki í veitingastarfsemi. Félagsmenn SI gegndu stóru hlutverki í sýningunni, þ.á.m. Norðlenska matborðið, Kjarnafæði, MS Akureyri, Brauðgerð Kr. Jónssonar & co, Nýja kaffibrennslan og Matís. Bautinn grillsteikti heilan nauðskrokk úti fyrir sýningarhöllinni og laðaði gesti að en talið er að hátt í 15.000 manns hafi sótt sýninguna heim þessa tvo daga.

Að sýningunni standa félagið Matur úr Eyjafirði, Matarkistan Skagafjörður og



Þingeyska matarbúrið. Auk þeirra taka ýmsir styrktaraðilar þátt í verkefnum, s.s. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, Samtök iðnaðarins, búnaðarfélag og búgreinasamtök. Við lok sýningarinnar voru veitt frumkvöðlaverðlaun félagsins Matur úr Eyjafirði. MS Akureyri hlaut verðlaunin fyrir vörubrúun, markaðsstarf og nýsköpun í hollustu- vörum úr osta- og skyrmysu.

Reykjavík - full borg matar

Matvælaíðnaðurinn tók þátt í verkefnum „Reykjavík – full borg matar“ í september. Nokkur fyrirtæki höfðu opið hús og á matardögum í Hótel- og matvælasjólanum kepptu bakarar um titilinn „Bakari ársins.“ Ennfremur sýndu kjötiðnaðarmenn hvernig kjötskrökkar eru úrbeinaðir

Á hátíðinni voru ýmsir viðburðir, stórir sem smáir og þeirra á meðal má nefna sérstaka hátíðarmatseðla á veitingahúsum, markaðstorg í miðborginni, opið hús í fyrirtækjum, heilkornsátak bakaría í Landssambandi bakarameistara og Matardaga fagmanna í matvælagreinum. Á markaðstorgi kynntu garðyrkjubændur uppskeru haustsins og kynnt voru ýmis nýstárleg matvæli. Matís ohf. og Pottagaldrar stóðu fyrir opnu húsi þar sem þau kynntu starfsemi sína.

Á Matardögum 2011

Fagmenn í Hótel- og matvælasjólanum stóðu fyrir Matardögum 2011 og samkeppni af ýmsu tagi. Keppt var um titilinn Matreiðslumaður ársins, Framreiðslumaður ársins, Bakari ársins, Matreiðslunemi ársins og Framreiðslunemi ársins. Kjötiðnaðarmeistarar sýndu handbragð við að úrbeina kjöt og bakarameistarar kynntu kosti heilkornsbrauða og gáfu gestum að bragða á ólíkum tegundum af brauði úr heilkorni. Kaffibarþjónar fræddu gesti um leyndardóma kaffis af ólíkri gerð og ólíkar aðferðir við að laga kaffi.

Bakhjarlar hátíðarinnar voru Reykjavíkurborg, Samtök iðnaðarins, Markaðsráð kindakjöts, Iceland Responsible



Fisheries, Sölufélag garðyrkjumanna og Svínaræktarfélag Íslands.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
ATVINNULÍFSINS

Orri Hauksson kosinn formaður NSA

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins var endurskipuð á ársfundi sem haldinn var í lok maí. Orri Hauksson var kjörinn formaður stjórnar og tók við af Arnari Sigurmunds- syni. Guðný Hrud Karlisdóttir var kjörin varaformaður.



Hugmyndaríkir grunnskólanemendur verðlaunaðir

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda árið 2011 var haldin í tuttugasta sinn. Tólf af þeim 1.872 hugmyndum, sem bárust frá 46 grunnskólum víða um land, voru verðlaunaðar en verðlaunin voru veitt í lokahófi Nýsköpunarkeppinnar í september. Afhendingin fór fram í höfuðstöðvum Marel, sem verið hefur bakhjarl keppinnar frá upphafi.

Tilgangur keppinnar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig hana megi þroska í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.

Samtök iðnaðarins veittu peningaverðlaun fyrir þrjár stigahæstu hugmyndirnar. Að auki er veittur farandbikar þeim skóla sem hlutfallslega skilar inn flestum hugmyndum. Guðrúnarbikarinn er veittur hugmyndasmið sem er talinn hafa skarað fram úr hvað varðar hugmyndaauðgi, dugnað, að vera fylginn sér, kurteis og samviskusamur. Bikarinn er veittur til minningar um Guðrúnu Þórsdóttur sem var einn helsti hvatamaður að keppinni.



RóRó vann Gulleggið 2011

Sprotafyrirtækið RóRó sigraði í frumkvöðlakeppni Innovits um Gulleggið 2011. RóRó er viðskiptahugmynd Eyrúnar Eggertsdóttur en hún hefur fundið upp tæki sem hjálpar ungbörnum að sofa betur, líða betur og eykur öryggi þeirra. Eyrún einbeitir sér nú að því að vinna hugmyndinni brautar-gengi á alþjóðamarkaði og sækja um einkaleyfi.

Öflugar athafnakonur röðuðu sér einnig í önnur verðlauna-sæti því að í öðru sæti varð sprotafyrirtækið Puzzled by Iceland, sem Guðrún Heimisdóttir og Þóra Eggertsdóttir stofnuðu. Í þriðja sæti varð fyrirtækið Pink Iceland en stofnendur þess eru Eva María Þórarinsdóttir Lange og Birna Hrönn Björnsdóttir.

Innovit sér um Gulleggið í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins.



Áhrif gæðastjórnunar á mannvirkjagerð

Samtök iðnaðarins hafa lengi haft áhuga á að greina áhrif gæðastjórnunar á mannvirkjagreinar. Í samvinnu við Háskóla Íslands var skilgreint verkefni í þá veru og var Önnu Huldu Ólafsdóttur, nemandi í meistaranámi í iðnaðarverkfræði, falið að vinna verkefnið sem hluta af Magister Scientiarum gráðu í iðnaðarverkfræði.

Helstu niðurstöður verkefnisins eru að marktækur munur og sterk fylgni eru milli ánægju verkkaupa með framkvæmd verks sem verktaki vann eftir því hvort verktaki starfar eftir gæðastjórnunarkerfi eða ekki. Einnig sýna niðurstöður að þeir verktakar, sem segjast starfa eftir gæðastjórnunarkerfi, beita mun markvissari og skilvirkari vinnubrögðum en þeir sem starfa ekki eftir slíku kerfi.

Ritgerð Önnu Huldu Ólafsdóttur, Áhrif gæðastjórnunar á mannvirkjagerð, er að finna í heild sinni á vef SI.

Verkið, samtök um keppni í iðn- og verkgreinum stóð fyrir hátíðarfundum í nóvember að lokinni World Skills International sem haldin var í London.



World Skills er alþjóðleg keppni í starfsgreinum sem haldin er annað hvert ár. Næst fer keppnin fram í Leipzig í Þýskalandi árið 2013.

Meginmarkmið fundarins var að samgledjast íslensku þátt-takendunum í London, þeim Jóhönnu Stefnisdóttur sem keppti í hársnyrtið, Friðriki Óskarssyni sem keppti í pípulögn og Arnari Helga Ágústssyni sem keppti í rafvirkjun.

Samtök iðnaðarins veittu Jóhönnu, Friðriki og Arnari bókargjöf sem viðurkenningu fyrir góða frammistöðu en þau kepptu við hátt í 950 iðnnema frá 58 þjóðlöndum.

Að Verkið standa Bílgreinasambandið, FBM, Iðnaðar-mannafélagið í Reykjavík, Iðnmennt, MATVÍS, Meistarasam-band byggingamanna, Rafiðnaðarsambandið, SAF, Samiðn, Samtök iðnaðarins, SART og VM.

Þekkingardagur FVH

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga stóð fyrir Íslenska þekkingardeginum í 11. sinn í febrúar en þá er bæði haldin ráðstefna og verðlaun veitt. Ráðstefnan var að þessu sinni haldin í samstarfi við SA og SI. Rætt var um áhrif aðildar Evrópusambandsins á atvinnu-markað og atvinnulíf á Íslandi.

Meðal framsögumanna voru Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, sem fjallaði um áhrif aðildar á þróun kaupmáttar og launa. Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, ræddi um ávinning og ógnun af breyttu umhverfi á kjör almennings og Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, fjallaði um Evrópu-samstarfið og fyrirkomulag peninga- og efnahagsmála á Íslandi.

Í lok ráðstefnunnar afhenti forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, þekkingarverðlaun FVH sem komu í hlut flugfélagsins Icelandair.



Fyrsta starfsár CleanTech Iceland viðburðaríkt

Á fyrsta aðalfundi CleanTech Iceland, sem haldinn var síðastliðið haust, var fjallað um viðburðaríkt ár í starfsemi félagsins. CTI var stofnað 1. júní 2010 og hefur nú lokið fyrsta starfsári sínu. Á félagaskrá CTI eru 14 fyrirtæki sem starfa á ýmsum sviðum en eiga sameiginlegt að vinna að þróun umhverfsvænna tæknilausna.

Á fundinum lagði fráfari stjórn fram tillögur um að á næsta ári verði lögð áhersla á fjármögnun, markaðssetningu, erlent samstarf og innri uppbyggingu félagsins. Fundarmenn tóku undir þær tillögur og styðja nýja stjórn til góðra verka.

Á liðnu ári tók CleanTech Iceland þátt í fjölda verkefna og viðburða. Fyrsta verk stjórnar var að móta starf félagsins og skapa umgjörð þess. Sett var upp vefsíða, einkennismerki hannað og skerpt á áherslum og markmiðum. Haldnir voru morgunverðarfundir þar sem félagar fjölluðu um málefni sem eru í brennidepli, t.d. vistvæna orkugjafa í samgöngum. Félagið tók þátt í að undirbúa fundi og ráðstefnur í samstarfi við aðra um orkusparnað, viðskiptatækifæri í grænni tækni, orku fyrir samgöngur og ívilnanir vegna nýfjárfestinga. CTI tók þátt í að undirbúa og þróa námskeið á vegum Íslandsstofu um markaðssetningu á grænni tækni erlendis. Hópurinn átti einnig í talsverðum samskiptum við stjórnvöld um mótun regluverks og umgjörðar um fyrirtæki á þessu sviði.

Frá upphafi lagði CTI áherslu á að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og starfar t.d. í norræna verkefninu Nordic Cleantech Alliance. Félagið tók einnig þátt í norrænu verkefni um grænar viðskiptalausnir en í lokakýrslu er sagt frá viðskiptahugmyndum tveggja íslenskra fyrirtækja, Greencloud og IceConsult. Fulltrúi CTI tók þátt í ráðstefnunni CanNord í Toronto um vist-

vænar borgir þar sem CTI og félagsmenn voru kynntir. Á vormánuðum héldu fulltrúar stjórnar ásamt fulltrúa Íslandsstofu til Noregs og Danmerkur og kynntu sér starfsemi systursamtaka og klasa á sviði grænnar tækni. Mikil gróska er um allan heim í grænni atvinnustarfsemi og því er full þörf á að móta samstarf og áherslur á því sviði hérlendis.

Á aðalfundinum var kjörin ný stjórn. Formaður var kjörinn KC Tran, Carbon Recycling International. Aðrir stjórnarmenn eru Ásbjörn Torfason, Vistvænni Orku, Eiríkur Sveinn Hrafnsson, Greencloud, Guðný Reimarsdóttir, Eco Nord og Ingvar Kristinsson, Fjölblendi. Vararmenn eru Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorku og Axel Gunnlaugsson, ReMake Electric.



Harpa Einarsdóttir vann fyrstu hönnunarkeppni Reykjavík Runway


Samtök iðnaðarins styrktu hönnunarkeppnina Reykjavík Runway sem haldin var í Listasafni Reykjavíkur 18. ágúst. Þetta var í fyrsta sinn sem keppnin var haldin. Hönnuðurinn Harpa Einarsdóttir, sem hannar undir merkinu ZISKA, bar sigur úr býtum.

Harpa hlaut 500.000 krónur í verðlaun og stuðning frá Reykjavík Runway í eitt ár.



Tækni- og hugverkabætur var haldið í tengslum við European SME Week 2011 í samstarfi Samtaka iðnaðarins, Hátækni- og sprotavettvangs, þingflokka stjórnmalaflokka, ráðuneyta iðnaðar, utanríkis, mennta- og fjármála, háskóla og aðila stoðkerfis og atvinnulífs.

Hátækni- og sprotavettvangur



Hátækni- og sprotavettvangur var stofnaður í lok árs 2008. Vettvangurinn er samstarfsverkefni samtaka hugverka- og tæknigreina innan SI og fjögurra ráðuneyta, iðnaðar-, menntamála-, fjármála- og utanríkis.

Hátækni- og sprotavettvangur er til húsa á skrifstofu SI og núverandi verkefnisstjóri er Haukur Alfreðsson sem tók við af Dofra Hermannssyni.

Hlutverk vettvangsins er að vinna að vegvísi til framtíðar og fylgja eftir eflingu

og uppbyggingu hátækni- og sprotafyrirtækja á hér á landi. Vettvangurinn stóð m.a. fyrir árangursríku Tækni- og hugverkapingi í haust.

Aðstandendur vettvangsins gerðu með sér þriggja ára samning sem lauk í byrjun árs 2012. Fyrir liggur ný þriggja ára áætlun og samningsdrög um áframhald vettvangsins og þátttöku fleiri ráðuneyta og starfsgreina til ársins 2014.

Haukur Alfreðsson lauk meistara-námi í iðnaðarverkefni í tækniháskólanum í Stokkhólmi og starfaði síðast í iðnaðarráðuneytinu við nýsköpun og þróunarmál. Áður hefur Haukur sinnt ýmsum störfum sem tengjast nýsköpun, stofnun og rekstri fyrirtækja og rekstrarráðgjöf, aðallega gæðastjórnun. Hann aðstoðaði m.a. sprotafyrirtækin Flögu og Taugagreiningu við að byggja upp

gæðastjórnunarkerfi og fá vottun á gæðakerfi skv. ISO-9001. Haukur tók þátt í að stofna Fjölblendi ehf. og var framkvæmdastjóri þess í nokkur ár, sat í stjórn Flugleiða hf. í 10 ár og nokkrum dótturfyrirtækjum þess og fleiri fyrirtækjum.



Þrátt fyrir að tillaga um eflingu Tækniþróunarsjóðs hafi ítrekað verið lögð fram sem forgangsmál á öllum Hátækni- og sprotapingum árin 2005-2011 og að verkefnið hlaut mesta forgang í Atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar, sem starfaði árið 2011, hefur ekkert miðað í að tryggja sjóðnum aukin framlög á fjárlögum. Aðeins er um 5 milljóna króna hækkun að ræða á fjárlögum 2012 en það heldur hvorki í við verðlag hvað þá að fela í sér einhverja eflingu.

Fulltrúar Samtaka iðnaðarins og Hátækni- og sprotavettvangs hafa átt fundi með forsætisráðherra, fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra til að fylgja málinu eftir við fjárlagagerð fyrir árið 2012. Því miður virðist stjórnvöld skorta skilning á málinu þrátt fyrir fögur fyrirheiti í orði við ýmis tækifæri.

Villa við útreikning byggingarvísitölu

- misræmi milli vinnuliðar vísitölnnar og almennrar þróunar á markaði

Samtök iðnaðarins bentu Hagstofunni á misræmi milli þróunar vinnuliðar vísitölnnar og almennrar þróunar á markaði. Í kjölfarið endurskoðaði Hagstofan útreikninga sína og uppgötvaði villu sem leiddi til kerfisbundins vanmats á launakostnaði í vísitölnni frá mars 2010 til apríl 2011. Áhrif af leiðréttingu kerfisvillunnar nema 3,6% til hækkunar á vísitölnni í maí.

Mörg fyrirtæki innan SI eiga mikilla hagsmuna að gæta í þessu efni enda er algengt að verksamningar séu verðtryggðir með vísitölu. Villan leiddi til þess að verkkaupar fengu verkin á of lágu verði á kostnað verktaka. Erfitt er að áætla heildarumfang vandans en gera má ráð fyrir að um miklar fjárhæðir sé að ræða. Í verstu tilvikum voru greiðslur til einstakra fyrirtækja á síðasta ári tugmilljónum króna of lágar vegna þess að byggingavísitalan mældi launakostnað vitlaust. Það eru ekki einungis verksamningar sem eru verðtryggðir með þeirri vísitölu heldur einnig leigu- og þjónustusamningar af ýmsu tagi.

Í kjölfar tilkynningar Hagstofunnar leiðréttu stærstu verkkauparnir greiðslur sínar til verktaka fyrir umrætt tímabil.



Vegið að samkeppnishæfni stóriðju hér á landi

Enn á ný var vegið að samkeppnishæfni stóriðju hér á landi þegar frumvarp til fjárlaga var lagt fram í haust. Þar komu fram tillögur sem fela í sér tvísköttun á kolefnislosun vegna ál- og kísiljárnframleiðslu en það tíðkast hvergi annars staðar í heiminum.

Stóriðja hér á landi fellur nú þegar undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins varðandi losunarheimildir ETS en því kerfi er ætlað að skapa hagræna hvata fyrir fyrirtæki til að draga úr losun. Raunar er það kerfi einsdæmi í heiminum en áliðnaður og annar orkufrekur iðnaður utan Evrópu greiða engin slík gjöld. Með tillögum að upptöku kolefnisgjalds auk gjaldtöku vegna ETS skertu íslensk stjórnvöld samkeppnishæfni álfyrirtækja og annars orkufreks iðnaðar hér á landi.

Samtök iðnaðarins, Samál og Samtök atvinnulífsins tóku málið föstum tókum enda ljóst að umræddar hugmyndir samræmdust ekki samkomulagi sem álfyrirtækin þrjú gerðu við stjórnvöld í desember 2009 auk þess að brjóta í bága við ákvæði fjárfestingarsamninga. Umrætt samkomulag fól í sér innleiðingu tímabundins raforkuskatts og fyrirframgreiðslu tekjuskatts í því skyni að koma til móts við erfiða stöðu ríkissjóðs. Skattatillögur fjármálaráðherra virtust einnig vera í misræmi við þríhliða samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisins í tengslum við kjarasamninga sem undirritaðir voru í júní árið 2011.

Tillögur fjármálaráðherra komu flestum á óvart, bæði fyrirtækjunum og samráðherrum hans sem fara með málefni iðnaðar. Á endanum varð ljóst að hætta yrði við slík áform. Samhliða því gaf fjármálaráðherra fyrirheit um að tryggja samkeppnisstöðu fyrirtækja hér á landi gagnvart erlendum keppinautum. Ákveðið var að eiga náð samráð



við stjórnvöld um innleiðingu evrópska viðskiptakerfisins með losunarheimildir, ETS og önnur skattamál þeim tengd í samstarfi við fyrirtækin í greininni.

Því er ekki að neita að mikil þörf er á að bæta stöðu ríkissjóðs eftir mikinn hallarekstur undanfarin ár en stóraukin skattlagning á stóriðju, líkt og umræddar tillögur gerðu ráð fyrir, skila litlu. Frá

upphafi hefði mátt vera ljóst að umræddar tillögur næðu aldrei fram að ganga. Þótt tekist hafi að koma í veg fyrir það skerðist trúverðugleiki íslenskra stjórnvalda í augum þeirra sem vilja fjárfesta hér á landi. Mikilvægt er að standa við gerða samninga og að skattlagning sé fyrirsjáanleg.



Aukinn stuðningur atvinnulífsins við háskólastarf

Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins og Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun tóku höndum saman um að styðja og efla háskólastarf hér á landi með 200 milljóna króna framlagi til Háskólans í Reykjavík. Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, tilkynnti um stuðninginn við útskriftarathöfn HR sem haldin var í Hörpu í júní. Í ræðu sinni sagði Ari Kristinn m.a.: „Þetta framlag er mikilvæg lyftistöng fyrir Háskólann í Reykjavík en um leið markar það fyrsta skrefið í þá átt að halda áfram öflugri uppbyggingu skólans. Með þessu framlagi er atvinnulíf landsins að sýna í verki að fjárfesting í háskólamenntun er fjárfesting í framtíð atvinnulífs og samfélags.“

Skert á stefnu og áherslum

Undanfarið hefur stjórn SI unnið að því að skerpa stefnu og meginverkefni í starfsemi samtakanna til nánustu framtíðar.

Verkefnin falla undir eftirfarandi sex fagsvið en þau eru:

- Starfsskilyrði/stöðugleiki - lagaumhverfið
- Markaðs- og kynningarmál - ímynd iðnaðar og SI
- Nýsköpun og þróun - hugverkaiðnaður
- Menntamál
- Innri mál og stjórnun SI
- Opinber innkaup – samgöngur, mannvirkjagerð, verktakar

Niðurstöður fyrstu vinnufunda stjórnar liggja fyrir þar sem megináherslur hafa verið lagðar.

Helstu áhersluverkefni (ekki í forgangsröð):

- Virkur hlutabréfamarkaður með skattahvata
- Endurreisn og endurskipulagning bankakerfisins
- Hagtölugerð og betri tölfræði
- ESB, evra og efnahagslegur stöðuleiki - upplýst umræða um ESB
- Hvaðan kemur velferðin/virðisaukinn? - kynningarátak
- Aukin bein erlend fjárfesting - vitundarvakning um mikilvægi aukinnar fjárfestingar í atvinnulífnum
- Ísland - framleiðir vörur, þekkingu og þjónustu - efla vitund um mikilvægi verðmætasköpunar
- Styrkja enn frekar gott orðspor SI og iðnaðar
- Markviss framsetning og kynning á stefnu SI – sýnileg og jákvæð
- Efling Tækniþróunarsjóðs og klasasamstarfs
- Notkun og virkni klasasamstarfs - samstarfsvettvangar milli þarfa og lausna
- Auka veg og virðingu iðnnáms
- Raungreina- og nýsköpunarnám í grunnskólum - fjölga nemendum á raungreinabrautum
- Fjölga tæknimenntuðu fólki
- Nýsköpunarskóli ungmenna - efla frumkvöðlanám og atvinnusköpun
- Auka tengsl við félagsmenn – heimsóknir stjórnar og starfsmanna SI – fyrirtækjakynning
- Skipulagsmál samtaka í atvinnulífi
- Skilvirk forgangsröðun og verkefnastjórnun SI
- Markviss fjölgun starfsgreina og félaga innan SI - efla SI og fjölga félagsmönnum
- Jafn, fyrirsjáanlegur vöxtur framkvæmda - stöðugra umhverfi mannvirkjagreina

Framundan er að kynna nánar og ræða um útfærslu verkefna í faghópum og starfsgreinahópum. Nokkur þessara áhersluverkefna eru nú þegar komin á góðan rekkpöl.

Icesave já eða nei: Áhrif á efnahagsþróun

Í apríl efndu Samtök iðnaðarinnar til opins fundar ásamt Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Félagi atvinnurekenda um Icesave þjóðaratkvæðagreiðsluna og áhrif niðurstaðna hennar á efnahagsþróun.

Á fundinum tóku til máls Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður og fulltrúi samninganefndar Íslands, Dóra Sif Tynes, lögmaður og fulltrúi Áfram hreyfingarinnar, Jón Helgi Egilsson, verkfræðingur og fulltrúi Advice hreyfingarinnar, Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík og Ragnar Árnason og Gylfi Zoëga báðir prófessorar við hagfræðideild Háskóla Íslands.



Forseti Íslands opnaði helgina á föstudegi þar sem yfir 70 manns kynntu 27 viðskiptahugmyndir. Þátttakendur gátu valið bestu viðskiptahugmyndirnar og unnið að þeim sem fengu mestan hljómgrunn.

Í kjölfarið tók við 48 klukkustunda vinnusmiðja sem starfsmenn Innovits nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs stýrðu. Þar áttu þátttakendur að koma sem mestu í framkvæmd og nutu leiðsagnar fjölmargra sérfræðinga sem unnu náið með þeim meðan á verkinu stóð.

Í lok helgarinnar voru bestu hugmyndirnar verðlaunaðar.

Samtök iðnaðarinnar styrktu viðburðinn en sjálfstæðir atvinnurekendur á Akureyri öfluðu stuðnings frá fleiri en 20 fyrirtækjum og stofnunum.

Nýir félagsmenn

Í upphafi árs voru félagsmenn SI 918 en 1.238 í árslok 2011.
Stjórn Samtaka iðnaðarins veitti 21 fyrirtæki beina aðild á liðnu ári og eru þau þessi:

Arctic Sequentia ehf.
Ávaxtabílinn ehf.
eMR hugbúnaður ehf.
Krumma ehf.
Pizza-Pizza ehf.
PV hugbúnaður ehf.
Rafhitun ehf.
Valamed ehf.
Efnalausnir ehf.
Ensímtækni ehf.
Fort North ehf.
IceCP ehf.
Körfubílar ehf.
Sam-Eining ehf.
ÍAV þjónusta ehf.
Lindarflöt ehf.
LS Retail ehf.
Skema ehf.
Verkmáttur ehf.
Élivogar ehf.
KERECIC ehf.

Félag hágr.- og hárskeram. á Norðurl.

Sigríður Valdís Bergvinsdóttir
Funky hárbúlla ehf.

Meistarafélag í hárgreiðslu

Aða ehf.
Hár og rósir hárstofa ehf.
Hárexpo
Jónína Línal Sigmarsdóttir

Landssamband bakameistara

Al bakstur ehf.
Bæjarbakarí
Hagabakarí

Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði

BB Bjarghús slf.
Bjarni Róbert Kristjánsson
Júlíus Már Þorkelsson
Seal ehf.
Ás - smíði ehf.
Húsaklæðning ehf.
Virkjun ehf.
Húsamálarinn ehf.

Ljósmyndarafélag Íslands

Arnar Már H. Guðmundsson
Sigrún Björk Einarsdóttir
Infantia ljósmyndir

Málameistarafélagið

Alhliðamálun málningarþjónusta ehf.
SL málun ehf.
A1 málun ehf.

Félag íslenskra snyrtifræðinga

Dekur snyrtistofa

Félag blikksmiðjueigenda

Blikkmót ehf.

Félag skruðgarðyrkjumeistara

Lóðalausnir ehf

Málmur

Grímur ehf. vélaverkstæði
Meitill ehf.

Meistarafélag Suðurlands

Hraunteigur ehf.
Vilhjálmur Baldur Guðmundsson

Félag vinnuvélaeigenda

FB Girðing ehf.
Smákranar ehf.
Fjarðargrjót ehf.
Atorka, verktakar og vélaleiga ehf.
Fagverk verktakar ehf.
Rein sf.

Klæðskera- og kjólameistarafélagið

Fluga - Þuríður Edda Skúladóttir
Laguz hönnun ehf.
Þuríður Linda Einarsdóttir

Félag íslenskra gullsmiða

Gull og hönnun ehf.

Meistarafélag byggingamanna Norðurlandi

H - 3 ehf.
Byggingarfélagið Hyrna ehf.

Félagatal Samtaka iðnaðarins er að finna í heild sinni á www.si.is.



Fjármögnunarleigusamningar dæmdir ólöglegir í þrígang

Samtök iðnaðarins tóku þátt í tveimur dómsmálum varðandi lögmæti fjármögnunarsamninga. Annað málið gegn Íslandsbanka fjármögnun var dæmt bæði í héraði og Hæstarétti. Í hinu gegn Lýsingu var dæmt í héraði en hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Í öllum tilvikum komust dómstólar að þeirri niðurstöðu að fjármögnunarleigusamningar væru í raun lán í erlendri mynt klædd í búning fjármögnunarleigusamnings og væru því ólögleg.

Talið er að fjármögnunarleigur hafi gert ólöglega lánasamninga við 2.500 fyrirtæki. Heildarsamningsfjárhæð er óþekkt en leiðrétting í kjölfar þessara dómsmála hleypur engu að síður á milljörðum króna. Alls er talið að dómarnir taki til 10 til 15 þúsund einstakra samninga eða lána sem nú hafa verið dæmd ólögleg. Við málflutning síðasta málsins í héraði gegn Lýsingu komu ekki fram nein ný rök eða málsástæður umfram það sem þegar hefur komið fram í fyrri dómsmálum.

Á haustdögum vöktu Samtök iðnaðarins athygli Fjármálaeftirlitsins á alvöru málsins og þeirri hegðun Lýsingar og Landsbankans að þverskallast við að leiðrétta samningana þrátt fyrir niðurstöður dómsstóla.

Dómurinn hefur áhrif á viðgang 2.500 fyrirtækja í hvers kyns atvinnugreinum. Samningar af þessu tagi eru algengir í landbúnaði, fiskvinnslu, framleiðslu iðnaði, verkstöku og svo má lengi telja.

Niðurstaðan er gríðarlega mikilvæg fyrir þau fjölmörgu fyrirtæki sem fjármögnuðu tæki og tól með slíkum samningum. Eiginfjárstaða margra mun batna og reksturinn léttist.

Íbúðalánasjóður dæmdur til greiða félagsmanni SI skaðabætur

Í júní dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur Íbúðalánasjóð til að greiða byggingafyrirtækinu Norðurvík ehf. skaðabætur vegna ólögmetrar kröfu sjóðsins um bankaábyrgð samhliða lánveitingu úr sjóðnum. SI sá um rekstur dómsmálsins fyrir Norðurvík ehf. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Ljóst er að niðurstaða þessa máls skiptir miklu fyrir félagsmenn SI þar sem margir þeirra voru krafðir um slíka bankaábyrgð á því tímabili sem ágreiningsefni dómsmálsins varðar.

Hönnun í útflutning

Íslandsstofa, Hönnunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Samtök iðnaðarins auglýstu í mars eftir umsókn um fyrirtækja um að taka þátt í þróunarverkefninu Hönnun í útflutning. Markmið verkefnisins er að leiða saman hönnuði og fyrirtæki til að vinna saman að hönnun og framleiðslu á útflutningsvörum.

Í júní rituðu fyrirtæki og hönnuðir undir samning um samstarf að verkefninu og hófu þar með fimm mánaða ferli þar sem fyrirtæki og hönnuðir vinna að frumgerð af því sem gera skal. Þá var undirritaður samstarfssamningur

þess efnis að Íslandsstofa leiði verkefnið. Fyrirtækin, sem taka þátt í verkefninu, eru Amivox, Bjarmaland, Glófi, Matorka, Raven Design, Saga Medica, Sif Cosmetics og Triton.



Áfangalok í verkefninu Útflutningsaukning og hagvöxtur

Jenný Ruth Hrafnadóttir frá fyrirtækinu Krumma hlaut verðlaun fyrir bestu markaðsáætlanina við áfangalok í verkefninu Útflutningsaukning og hagvöxtur. Að verkefninu stendur Íslandsstofa í samvinnu við Samtök iðnaðarins, Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og Félag kvenna í atvinnurekstri.






Mikil gróska í þjónustugreinum SI

Prýði, hópur þjónustugreina innan SI, gerði í vor samkomulag við ungt fólk, Sverri Þorsteinsson og Guðrúnu Sædal Björgvinsdóttur um að sjá að hluta um undirbúning brúðkaups þeirra þeim að kostnaðarlausu. Í því fólst að Prýði og SI útveguðu þeim giftingarhringa, brúðarkjól, herajakkaft, höfuðskraut, hársnyrtingu, snyrtingu og ljósmyndatöku. Brúðhjónin samþykktu hins vegar að taka þátt í að kynna Prýði, fagmennskuna sem félagsmenn búa yfir og leggja áherslu á mikilvægi þess að skipta við fagmenn í viðkomandi grein.

Á Ljósanótt, 2. september, gengu þau svo í hjónaband. Undirbúningur brúðkaupsins var liður í dagskrá Ljósanætur en gestum hátíðarinnar var boðið að fylgjast með förðun, hárgreiðslu og myndatöku.

Prýði – verk í höndum meistara er samstarfsvettvangur fimm fagfélaga innan SI: Meistarafélags í hárgreiðslu, Ljósmyndarafélags Íslands, Félags íslenskra gullsmiða, Félags íslenskra snyrtifræðinga og Klæðskera- og kjólameistarafélagsins.



Prýði
Verk í höndum meistara

Ráðgjafaráð SI

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við mikilvægar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sem voru næstir því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar tilnefndir af starfsgreinahópum og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA.

Fulltrúar kosnir á Iðnþingi 2011:

Halldór Einarsson, Henson ehf.

Hilmar V. Pétursson, CCP hf.

Endurvinnsluiðnaður:

Haraldur Þ. Ólason, Fura ehf.

Sveinn Hannesson, Gámaþjónustan hf.

Gúmmí-, plast, fata- og leðuriðnaður:

Guðmundur Gunnarsson, Hampiðjan hf.

Heilbrigðisstækniíðnaður og líftækni:

Einar Mäntylä, ORF líftækni ehf.

Jón Gunnar Jónsson, Actavis hf.

Sigríður Valgeirsdóttir, Roche NimbelGen Iceland LLC, útibú á Íslandi

Þráinn Þorvaldsson, SagaMedica-Heilsujurtir ehf.

Húsgagna- og húshlutaiðnaður:

Bergsteinn Einarsson, Set hf.

Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.

Mannvirkjagerð:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.

Ármann Sigurðsson, Sveinbjörn Sigurðsson ehf.

Gunnar Sverrisson, Íslenskir aðalverktakar hf.

Gylfi Gíslason, Jáverk ehf.

Haraldur Sumarliðason, byggingameistari

Kolbeinn Kolbeinsson, Ístak hf.

Stefán Jónsson, Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi.

Þorkell Gunnarsson, Félag skrudgarðyrkjumeistara

Þorsteinn V. Sigurðsson, Málarameistarafélag Reykjavíkur

Matvæla-, fóður- og drykkjarvöruíðnaður:

Bergþóra Þorkelsdóttir, Lífland - Mjólkursfélag Reykjavíkur

Einar Sigurðsson, Mjólkursamsalan

Katrín Pétursdóttir, Lýsi hf.

Sigurður Jóhannesson, SAH Afurðir ehf.

Sveinn Margeirsson, Matís ohf.

Málmiðnaður:

Bjarni Thoroddsen, Stálsmiðjan ehf.

Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.

Þorsteinn Ögmundsson, Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.

Þröstur Hafsteinsson, Þ.H. blikk hf.

Prent- og pappíríðnaður:

Baldur Þorgeirsson, Kvos

Guðbrandur Magnússon, Morgunblaðið Árvakur hf.

Sölvi Sveinbjörnsson, Umslag ehf.

Sverrir Brynjólfsson, Svansprent ehf.

Þorleifur V. Friðriksson, Hjá Guðjón Ó. ehf.

Stóriðja:

Ragnar Guðmundsson, Norðurál ehf.

Rannveig Rist, Alcan á Íslandi hf.

Sprotafyrirtæki:

Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorka ehf.

Svana Helen Björnsdóttir, Stiki ehf.

Samtök hljóðvera og upptökustjóra:

Barði Jóhannsson, Bang ehf.

Upplýsingatækniíðnaður:

Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.

Jón Ingi Björnsson, Trackwell Software hf.

Sigurður Eggert Gunnarsson, Gogogic ehf.

Þjónustuiðnaður:

Lárus Karl Ingason, Ljósmynd ehf.



Keppni í hárgreiðslu á Akureyri

Félag hársnyrtmeistara á Norðurlandi stóð fyrir keppni í hárgreiðslu á Glerártorgi 8. október. Keppt var í í tiskulínu dömu, tiskulínu herra og uppgreiðslu.

Breytingar hjá SI

Við brotthvarf iðnaðarmálagjalds urðu miklar breytingar á tekjuöflun SI. Undanfarin misseri hefur verið unnið að hagræðingu til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Um mánaðamótin janúar/febrúar létu þrír starfsmenn SI af störfum og nýtt skipurit tók gildi.

Þeir starfsmenn, sem létu af störfum, eru Haraldur Dean Nelson, forstöðumaður upplýsingatækni og prentsviðs, Ingi Bogi Bogason, forstöðumaður menntunar og mannauðs og Þóra Guðmundsdóttir í móttöku.

Samtök iðnaðarins þakka þeim vel unnin störf og óska þeim gæfu og velfarnaðar í framtíðinni.

Nýr starfsmaður, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, hóf í kjölfarið störf hjá SI sem forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannauðs. Katrín Dóra er með B.Sc. í viðskipta- og rekstrarfræði og MBA frá Háskólanum í Reykjavík. Hún hefur sinnt ýmsum verkefnum m.a. við fjármálastjórn, framkvæmdastjórn, starfsmannastjórn og verkefnisstjórn.

Ásbjörn R. Jóhannesson hóf störf hjá Samtökum iðnaðarins um áramótin. Ásbjörn er rafvirki að mennt og starfaði sjálfstætt sem löggiltur rafverktaki um árabil. Árið 1987 réð hann sig til starfa fyrir SART - Samtök rafverktaka og var framkvæmdastjóri samtakanna frá árinu 1997 allt til síðustu áramóta þegar SART gekk til liðs við SI. Ásbjörn sinnir áfram málefnum rafverktaka og öðrum verkefnum tengdum byggingariðnaði.



Haraldur Dean Nelson hóf störf árið 1999 og lét af störfum á árinu. Haraldur sá um SUT, Samtök upplýsingatæknifyrirtækja og starfsgreinahóp í prentiðnaði. Einnig hafði hann umsjón með tölvu- og tæknimálum SI.



Ingi Bogi Bogason hóf störf árið 1992 og lét af störfum á árinu. Ingi Bogi starfaði við mennta- og mannauðsmál.



Þóra Guðmundsdóttir hóf störf árið 1996 og lét af störfum á árinu. Þóra vann í móttöku við símavörslu við undirbúningu funda og útsendingu bréfa.



Ásbjörn Jóhannesson hóf störf á árinu. Ásbjörn sinnir málefnum SART, samtökum rafverktaka og öðrum verkefnum tengdum byggingaiðnaði.



Katrín Dóra Þorsteinsdóttir hóf störf á árinu. Hún hefur umsjón með félagsmönnum SI sem falla undir hugverkaiðnað auk mennta- og mannauðsmála.

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins í árslok



Orri Hauksson
Fram-
kvæmdastjóri



**Jón Bjarni
Gunnarsson**
Aðstoðarfram-
kvæmdastjóri



**Árni
Jóhannsson**
Forstöðumaður
mannvirkjasviðs



**Ásbjörn
Jóhannesson**
Forstöðumaður
rafverkta



**Bjarni Már
Gylfason**
Hagfræðingur



**Bryndís
Skúladóttir**
Forstöðumaður
umhverfismála



**Dagmar E.
Sigurðardóttir**
Viðurkenndur bókarí



Davíð Lúðvíksson
Forstöðumaður
stefnumóttunar og
nýsköpunar



**Ferdinand
Hansen**
Verkefnastjóri
gæðamála



**Friðrik Á.
Ólafsson**
Forstöðumaður
byggingasviðs



**Ingólfur
Sverrisson**
Forstöðumaður
málm- og
véltækisviðs



**Katrín Dóra
Þorsteinsdóttir**
Forstöðumaður
hugverkaiðnaðar
og mannaúts



**María
Hallbjörnsdóttir**
Gjaldkeri



**Ragnheiður
Héðinsdóttir**
Forstöðumaður
matvælasviðs



Rakei Pálsdóttir
Forstöðumaður
almannatengsla



**Sigurður B.
Halldórsson**
Lögfræðingur



Þóra Ólafsdóttir
Móttaka
Umbrot

Útgefandi Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími 591 0100 • Fax 591 0101 • mottaka@si.is • www.si.is

Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson

Ritstjórn: Rakei Pálsdóttir

Ljósmyndir: Odd Stefán, Jóhannes Long

Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Prentvinnsla: Svansprent

